

# Vísinda- kirkjan herjar á Borgfirðinga

17. ÁGÚST 2018 / 32. TBL. 108. ÁRG. / VERD 995 KR.

# ÞEGAR BÖRN DREPA

Talinn eiga sök á dauða tveggja barna

■ Ari myrði tvö sjö ára börn á Akureyri

Drukknun tveggja barna í Glerá á Akureyri tvív. árfaum árum vakti

# DAV

Júlíó-Reynir  
**FANN  
ÁSTINA**

Fékk að vita á sama tíma að hún væri ólétt og með krabbamein

# Leika lausum hala á Reykjavíkurlflugvelli

# Barna- níðingar, kung fu- prestur, Panamapríns og sértrúarsöfnuður

Elín Sif

# „Fíknin sigrar allt“

■ Aðalhlutverk í stórmmynd



# STUNGIN 7 SINNUM

■ Heba sakar lögreglu um lygar

Margar gerðir af  
**FARANGURSBOXUM**

Dráttarbeisli  
undir flestar tegundir bíla

VIKURVAGNAR

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX	AIR CIRCULATION SYSTEM	LIGHT WEIGHT	ECE NORM R 44/04
HERO	ISO FIX	ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION	3 POINT BELT

## BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



### Síðustu orðin

„Þvert á móti.“

– Haft eftir Henrik Ibsen (1828–1906) þegar hjúkrunarkona sagði gestum að líðan hans væri betri.

### Á þessum degi, 17. ágúst

682 – Tíð Leós 2. sem kaþólskur páfi hefist.



1668 – Öflugur jarðskjálfti, 8 stig, kostar um 8.000 manns lífið í Anatólíu í Ottómanveldi.



1836 – Breska þingid samþykkir að skrá skuli fæðingar, hjónavígslur og andlát.



1908 – Fantasmagore, fyrsta teiknimynd sögunnar, gerð af Émile Cohl, er sýnd í París.

1945 – Fyrsta útgáfa Animal Farm, eftir George Orwell, lítur dagsins ljós.



1962 – Þjóðverjinn Peter Fechter er skotinn þegar hann reynir að komast yfir nýreistan Berlínarmúrinn. Peter blæddi út.



1998 – Bill Clinton, þáverandi forseti Bandaríkjanna, viðurkennir, í hljóðritaðri játningu, að hafa átt í „óviðeigandi, líkamlegu sambandi“ við Monica Lewinsky.

# „Eigum bara eitt líf og við eigum að njóta þess“

Arna fékk að vita á sama tíma að hún væri barnshafandi og með krabbamein

Audur Ösp Guðmundsdóttir  
audur@divis



Arna Dögg Hjaltalín fékk að vita að hún væri með illkynja brjóstakrabbamein aðeins fimm dögum eftir að hún fékk staðfestingu á því að væri þunguð að dóttur sinni. Fátítt er að konur greinist með krabbamein á meðgöngu, og hvað þá að þær greinist með brjóstakrabbamein á þríugsaldri, en Arna Dögg er 26 ára gömul.

Arna Dögg er fædd og uppalin í Stykkishólmi þar sem hún býr í dag ásamt manni sínum, Hafþóri Inga, og börnum þeirra tveimur, Ármanni, þriggja ára, og nýfæddri dóttur sem fær nafnið sitt næstkomandi sunnudag.

Eftir að hafa fundið fyrir hnút í öðru brjóstinu leitaði Arna til heimilislæknis. Hann pantaði tíma fyrir hana í ómskoðun á brjósti. Þann 2. nóvember síðastliðinn fór Arna síðan í ómskoðunina og tekið var sýni til rannsókna. Seinna sama dag fór hún til kvensjúkdómalæknis á Akranesi, til að gangast undir eftirlit vegna blöðru á eggjastokk. Fékk hún að vita að hún væri komin sex vikur á leið. Gleðin var mikil hjá litlu fjölskyldunni en á þriðjudeginum kom svo skellurinn. „Þarna vorum við, nýbúin að eyða helginni í sæluvímu og gleði og þá kemur þetta rosalega sjokk.“

Ekki var hægt strax að segja um hvaða tegund af krabbameini var að ræða og þurftu Arna og Hafþór að bíða í nokkra daga til viðbót-

ar eftir þeim niðurstöðum. Biðin var að sögn Örnú skelfileg, enda ríkti nú algjör óvissa um hvort hægt yrði að halda meðgöngunni áfram. Nokkrir dagar virtust því eins og heil eilífd.

Í ljós kom að krabbamein Örnú var bæði hormónajákvætt og einnig HER- 2 jákvætt, en HER-2 hefur venjulega meiri tilhneigingu til að dreifa sér um líkamann heldur en aðrar tegundir af brjóstakrabbameini.

Arna segir að þau hafi verið staðráðin í að halda meðgöngunni áfram. Ljóst var að það myndi ekki ganga snurðulaust fyrir sig. „Mér var tjáð að ég myndi ekki geta farið í geisla-meðferð og því þyrfti ég að fara í brjóstnám eftir tvær vikur. Ég gat heldur ekki farið strax í uppbyggingu á brjóstinu.“

Ákveðið var að hefja lyfjameðferð við hormónatengda meininu á meðgöngunni og bíða með meðferð á seinna meininu þar til eftir að barnið kæmi í heiminn. Ástæðan er sú að lyfin sem gefin eru við HER-2 krabbameini geta borist í fylgjuna og valdið fóstri skaða.

Arna byrjaði í lyfjagjöf 5. janúar og fóru næstu mánuðir í endalausar heimsóknir á spítalann, ýmist í lyfjagjöf á krabbameinsdeild eða í sónar og aðrar skoðanir á kvennadeildinni, en þar sem meðgangan var flokkuð sem áhættu meðganga þurftu Arna að vera undir sérstöku eftirliti.

„Ég var oft mjög áhyggjufull um barnið og panikkaði kannski



bara við minnsta verk sem ég fann. Ég þurfti að keyra á milli Reykjavíkur og Stykkishólms að minnsta kosti einu sinni í viku og þegar leið á meðgönguna var ég alveg búin á því. Ég hafði enga orku, og þrek og þol var farið, mér var illt í bakinu og bara illt alls staðar. Ég reyndi eins og ég gat að hreyfa mig, jafnvel þótt það væri ekki nema bara örstuttur göngutúrar, og það hjálpaði heilmikið.“

Það eitt að vera ólétt er rosalegt álag og þegar maður bætir krabbameinslyfjameðferð ofan á það þá er þetta auðvitað orðið rosalega erfitt. „Þetta var ofboðslega mikil gleði en samt svo mikil streita á sama tíma.“

Arna nýtur þess að vera nýbúin móðir þessa dagana, áður en hún byrjar í seinni lyfjameðferðinni í haust. Lífsviðhorf hennar hefur breyst mikið.

„Ég fór að hugsa um allt sem mig langaði að gera. Ég var svo vön að hugsa alltaf að ég myndi bíða með það þar til rétti tíminn kæmi, þegar strákurinn yrði eldri. Eftir þetta þá er ég hætt að geyma endalaust að gera það sem mig langar til. Við eigum bara eitt líf og við eigum að njóta þess.“

Aðstandendur Örnú stofnuðu styrktarsjóð Örnú Hjaltalín til að styðja við bakið á Örnú og fjölskyldunni í gegnum veikindi hennar. Ljóst er að svona veikindum fylgir mikið tekjutap, bæði fyrir Örnú og manninn hennar, Hafþór. Laugardaginn 18. ágúst munu ættingjar og vinir Örnú taka þátt í Reykjavíkurmarathoninu og safna áheitingu fyrir sjóðinn. Þeir sem vilja leggja þeim lið er bent á heimasíðu hópsins inni á vefsvæði Hlaupastyrks. ■

## 5 lög sem gætu orðið þjóðsöngur Íslands



Helgi Hrafn Gunnarsson vill breyta lögum um þjóðsöng Íslands, Lofsöng, en strangar reglur gilda um notkun hans. Eins og Helgi bendir á er til dæmis ólöglegt að gefa út rappútgáfu af þjóðsöngnum. Þjóðsöngurinn hefur lengi verið umdeildur og segja margir hann þjóna tilgangi sínum illa. Mörg önnur lög séu betur til þess fallin að hrista þjóðina saman á íþróttaleikjum og víðar. DV tók saman fimm lög sem henta betur en Lofsöngurinn.



### Kvaðning – Skálmöld

Skálmöld spilar þjóðlegt víkingarokk og allir elska hjómsveitina, meira að segja eldra fólk sem aldrei hefur hlustað á þungarokk á ævinni. Lagið er grípandi og vígreið og myndi vekja gæsahúð í hvert einasta skipti á Laugardalsvelli. Ókosturinn er að lagið er átta mínútur að lengd og yrði því að skera niður.



### Húsið og ég – Grafík

Veðurfræðingar hafa sagt okkur að búast við fleiri rigningarsumrum á komandi árum. Til að halda andlegri heilsu væri því kannski réttast fyrir þjóðina að gera rigninguna að bandamanni sínum. „Mér finnst rigningin góð“ yrði hin nýja sjálfsmynd Íslendinga.



### Immigrant Song – Led Zeppelin

Sumir myndu segja það óþjóðlegt að velja útlenskt lag sem þjóðsöng. En Immigrant Song var samið á Íslandi og um Ísland af stærstu rokkhlóm-sveit sögunnar. Við ættum að hampa því.



### Söknuður – Villi Vill og Jóhann Helgason

Söknuður er flott lag sem allir þekkja, ekki bara Íslendingar heldur útlendingar líka í flutningi Josh Groban. Að gera Söknuð að þjóðsöng landsins myndi hjálpa Jóhanni Helgasyni höfundi í málaferlum sínum við norska ódáminn Rolf Lovland sem stal því.



### Draumur um Nínu – Stefán og Eyfi

Fæstir Íslendingar kunna textann að Lofsöngnum en allir, hver einn og einasti, getur sungið Nínu. Selma og Jóhanna Guðrún komust í annað sæti en Draumur um Nínu er og verður ávallt Eurovision-lagið okkar.

vita

# 10 ára afmæli

Frábær tilboð með VITA • Njóttu þess að hlakka til



## Alicante - 7 nætur



### Albir Playa

Verð frá **89.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi með morgunverði.

31. ÁGÚST – 7. SEPTEMBER 2018

## Tenerife - 7 nætur



### Family Garden

Verð frá **89.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð.

28. ÁGÚST – 4. SEPTEMBER 2018

## Kanarí - 7 nætur



### Parque Cristobal

Verð frá **79.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna í smáhýsi.

21. – 28. ÁGÚST 2018

## Mallorca - 7 nætur



### Holiday Center

Verð frá **59.900** kr.

Á mann m.v. 3 fullorðna í íbúð.

26. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER 2018

## Krít - 11 nætur



### Porto Platanias Village

Verð frá **119.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með hálfu fæði.

27. ÁGÚST – 7. SEPTEMBER 2018

## Portúgal/Faro - 7 nætur



### Ondamar

Verð frá **99.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

27. SEPTEMBER – 4. OKTÓBER 2018

vita

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

vita

## Hver er hún



- Hún er fædd 21. nóvember 1965.
- Hún hefur unnið til ýmissa verðlauna fyrir tónlist sína, þar á meðal Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 1997.
- Árið 1992 var hún beðin um að semja lag fyrir söngdívuna Madonna, en ekkert varð síðan úr því.
- Tónlistarmyndband með henni var bannað á sjónvarpsstöðinni MTV í kjölfar sprengjuárásar í Oklahoma.
- Hún hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlauna.

PICTURE BY AP/WIDE WORLD

# „Öskraði í allar áttir og sparadi ekki hótanirnar“

Sverrir Guðmundsson brýtur iðnaðarlög og sópar til sín kvörtunum

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Vinnubrögð hans eru ótrúleg, hann vill fá greitt áður en hann byrjar. Síðan byrja hótanir og heimtar meiri peninga og þá springur allt í loft upp,“ segir Már Guðmundsson, formaður Málarameistarafélagsins, þegar hann lýsir starfsháttum Sverris Guðmundssonar sem auglýsir þjónustu sína undir merkjum ALS Húsaviðgerða.

Sverrir hefur ítrekað verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Fyrst fyrir umdeilt góðgerðafélag en í seinni tíð þar sem hann er sakaður um svik og pretti. Árið 2015 var Sverrir dæmdur fyrir brot á iðnaðarlögum með því að hafa á árunum 2011 til 2014 í atvinnuskyni rekið starfsemi löggiltra iðngreina án þess að hafa fengið til þess leyfi og án þess að hafa meistarara eða réttindi þegar hann tók að sér hin ýmsu verkefni en starfsemi hafa hann auglýst á opinberum vettvangi. Var Sverri gert að greiða 80 þúsund krónur í sekt eða sæta fangelsi í sex daga.

### Lögreglan vísar málinu á bug

„Við erum búnir að kæra manninn oftast en tvisvar. Það fjarar alltaf út og hann heldur uppteknum hætti,“ bætir Már við. „Ég hef sjálfur í tvígang mætt á vinnustað hjá honum og hringt á lögreglu. Þá er tekin skýrsla og svo er málið látið niður falla. Svör lögreglunnar voru þau að það svaraði ekki kostnaði að halda áfram með málið.“

Sverrir Guðmundsson var áður þekktur sem Róbert Guðmundsson



Heimasíða ALS Húsaviðgerða.

réttindi til þess að taka að sér slík verkefni.“

### Hver er Aðalsteinn?

Á undanförunum árum hefur kvörtunum farið fjölgandi í garð þjónustunnar. Einn heimildarmanna DV sem átti í viðskiptum við Sverri í ágúst, segir að það sé títt innan málningar- og húsaviðgerðargeirans að rætt sé um vinnubrögð Sverris.

Réð hann Sverri til starfa án þess að átta sig á hver Sverrir væri í raun og veru en Sverrir er, eins og áður segir, skráður starfsmaður ALS. Skráður eigandi ALS Húsaviðgerða er Aðalsteinn Lárus Skúla-son, einstaklingur sem næst aldrei samband við að sögn heimildarmannsins. Aðalsteinn byrjaði ungur að láta að sér kveða í viðskiptum og var um tvítugt þegar allir helstu fjölmiðlar landsins greindu frá því að hann hefði stofnað rafbilaleigu. Fyrirtækið ALS er nú skráð á kennitölu þess fyrirtækis sem kom að bilaleigunni.

Þá segir heimildarmaður DV að lögreglan hafi ekki fengið símanúmerið hjá Aðalsteini. „Sverrir hefur alltaf neitað að gefa upp þetta númer, þótt hann segist vera að vinna fyrir hann.“

Þegar blaðamaður hafði samband við ALS Húsaviðgerðir svaraði Sverrir í símann og útskýrði að ekki væri mögulegt að ná tali af Aðalsteini nema gegnum tölvupóst. Þegar hringt er í númer Aðalsteins í símaskrá eru skráð tvö númer en bæði númer eru lokuð.

„Aðalsteinn er prókúruhafi sem Sverrir felur sig svo á bak við, en þetta er í rauninni bara einhver krakki í Hveragerði,“ segir heimildarmaður DV.

### Hótaði öllu illu

„Ég var of seinn að átta mig á því hver þetta var, en það hringdu margar þjöllur meðan á vinnunni stóð. Síðan náðum við að stoppa hann í miðri vinnu og rákum hann. Þá öskraði hann á allt og alla og sparadi ekki hótanirnar. Hann var mjög grófur og hótadi kæra mig fyrir líkamsárás sem ekki er nokkur

grundvöllur fyrir, enda voru mörg vitni þarna. Við þurftum engu að síður að tilkynna þetta til lögreglu.“

Maðurinn sem fékk Sverri í verkið segir að hann hafi loks látið undan Sverri og greitt honum hluta af upphæðinni en hann segir Sverri hafa verið ágengan. Lagði hann inn á persónulegan reikning Sverris. „Við fengum aldrei reikning fyrir þessari millifærslu, sama hverju hann lofaði,“ segir hann.

„Þegar ég nefndi við hann að verkið hefði verið illa unnið, þá ástæist hann upp og hótadi mér öllu illu og sagðist ætla að hækka verðið á vinnunni. Ég hálfvorkenndi þessum starfsmönnum hans, sem voru með honum,“ segir hann en undirmenn Sverris voru pólskir. „Þeir hristu bara hausinn yfir þessum viðbrögðum. Ef hann hefði brugðist faglega við og gengist við þessum mistökum og haldið áfram með verkið á réttum forsendum hefði þetta ekki farið svona,“ segir hann. „Það eru margir búnir að kvarta yfir honum.“

Þegar blaðamaður hringdi í þjónustuna og spurðist fyrir um Aðalstein vísaði Sverrir á netfang fyrirtækisins. Sverrir titlar sig sem verkefnastjóra ALS, og tekur fram að hann vilji ekki svara fjölmiðlum. „Ég er bara starfsmaður hér og Aðalsteinn svarar öllu svona,“ segir hann og tekur fram að Aðalsteinn svari öllum pósti. Þegar blaðamaður spurir hvort Sverrir sé með beint númer á eigandann svarar hann skýrt: „Ertu ekki með netfang? Hann svarar öllum póstum.“

Sverrir segist ekki kannast við neinar kvartanir og þvertækur fyrir að starfsmenn ALS séu ekki með vinnuréttindi. „Við erum bara með lærða iðnaðarmenn í vinnu hjá okkur og erum mjög ánægðir með okkar vinnubrögð,“ segir Sverrir og spyr: „Af hverju fjallið þið ekki um kúnna sem eru ánægðir með okkar vinnubrögð? Takið þið það á ykkur að rukka fólk fyrir svona vitleysu?“

Þá bætir Sverrir við að mál sé núna í ferli sem snýr að þjófnaði í tengslum við fólk sem hefur stolið frá honum iðnaðarefni. „Þið eruð að reyna að eyðileggja fyrir mér og mína vinnu. Ykkur verður stefnt ef þið farið lengra með þetta,“ segir Sverrir. ■

## Það er staðreynd að ...



Á Ólympíuleikunum 1900 kepptu hestar í hástökki.



Fleiri bandarískir hermenn svíptu sig lífi í Afghanistan árið 2012 en þeir sem féllu í bardaga.

Uppáhaldsbók George Bush yngri var barnabókin *The Very Hungry Caterpillar* eftir Eric Carle. Bókin var gefin út þegar Bush var 23 ára.



Steve Jobs stundaði þá athöfn að dyfa berum tånun í klósettskálur Apple til að draga úr streitu.

Getnaðarvarnarpillur fólks virka vel á górrillur.



# ALLT FYRIR FUNDARHERBERGIÐ

Þráðlaust sýningartjald

Þráðlaus búnaður




Hágæða öruggur fjarfundabúnaður



DALVEGI 16B / S. 510 0500





**Normx ehf.** hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: [www.huseining.is](http://www.huseining.is)

## Við framleiðum:

**Smáhýsi** frá 14,99 - 39,9 m<sup>2</sup>

**Sumarhús** frá 67 - 111 m<sup>2</sup>

**Einbýlishús** frá 161 - 400 m<sup>2</sup>

**Smart Einbýli** 73 m<sup>2</sup>

**Parhús** frá 200 - 333 m<sup>2</sup>

**Raðhús** frá 55 - 120 m<sup>2</sup>

**Forsteypta sökklá**

*Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.*



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.  
[www.huseining.is](http://www.huseining.is) [kjartan@huseining.is](mailto:kjartan@huseining.is) [soffia@huseining.is](mailto:soffia@huseining.is)



## Vísindakirkjan herjar á Borgfirðinga:



MYND BORGFIÐURDUREYTRIS

# „Beit hann af mér með þumb- araskap og almennri ókurteisi“

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Vísindakirkjan hefur verið eitt af umdeildustu trúfélögum heims undanfarna áratugi og í mörgum löndum hefur hún ekki heimild til að starfa sem slíkt. Telja margir að um hreinan heilapvott og fjárlógsstarfsemi sé að ræða, þau skiptulagt af æðstu mönnum kirkjunnar. Lítið hefur farið fyrir Vísindakirkjunni á Íslandi undanfarið ár. Nú kann það að vera að breytast því íbúar á Borgarfirði eystra urðu varir við dularfullan mann sem reyndi að selja þeim kennisetningar kirkjunnar.

### Gekk milli húsa í þorpinu

„Ég var að vinna og mátti lítið vera að því að tala við hann þannig að ég beit hann af mér með þumbaraskap og almennri ókurteisi,“ segir Björgvin Ólafsson frá Borgarfirði eystra og hlær.

„Maðurinn kynnti sig ekki en spurði mig eitthvað á þessa leið: Má ég tala við þig af heilum hug? En ég afþakkaði það. Þá reyndi hann að kynna mér þessa bók, Dianetics, en hann kynnti sig ekki sem sendiboða Vísindakirkjunnar.“

Maðurinn var Íslendingur, milli fimmtugs og sextugs, og einn á ferð. Gekk hann um þorpið, bankaði upp á hjá fólki og ræddi við íbúa um þessa bók, Dianetics. Suma stoppaði hann úti á götu til að ræða um þetta. Eftir því sem DV kemst næst gekk trúboðið ekki sérlega vel í þorpinu sem telur aðeins um eitt hundrað manns.


### Bás á Austurstræti

Dianetics: The Modern Science of Mental Health er öndvegisrit Vísindakirkjunnar, skrifað af stofnandanum L. Ron Hubbard árið 1950. Hubbard var vel þekktur fyrir vísindaskáldskap sem hann skrifaði fyrir svokölluð pulp-tímarit á fjórða og fimmta áratugnum líkt og Isaac Asimov, H.P. Lovecraft og fleiri. Dianetics var upprunalega hugsuð sem sjálfshjálparbók en seinna stofnaði hann trúfélag í kringum hana.

Grundvöllur trúarinnar er sá að menn séu ódauðlegar verur sem nefnast þetur og ferðast frá líkama til líkama. Flestir hafi gleymt tilgangi sínum og iðkun trúarinnar hjálpi fólki að hreinsa hugann og gleyma slæmum minningum. Í kirkjunni geta safnaðarmeðlimir unnið sig upp andlegan metorðastiga með endurskoðun sem fram-

kvæmd er með raf-tæki með tveimur pinnum. Vísindasamfélagið hefur gagnrýnt þessar aðferðir kirkjunnar og segja hana eiga enga stoð í raunveruleikanum. Þær minni fremur á þann vísindaskáldskap sem Hubbard skrifaði í pulp-blöðin.

Miklar kvaðir eru lagðar á safnaðarmeðlimi og þeir sem segja sig úr söfnuðinum eru útskýfaðir af þeim sem sitja eftir. Heilu fjölskyldurnar hafa splundrast vegna þessa. Forsvarsmenn kirkjunnar ráðast einnig mjög harkalega gegn þeim sem gagnrýna hana, sérstaklega fyrirverandi meðlimum. Víða er kirkjan ekki viðurkennd sem trúfélag, til dæmis í Þýskalandi þar sem hún hefur verið beinlínis talin hættuleg fjárlógsstarfsemi. Forkölfar Vísindakirkjunnar, David Miscavige og fleiri, hafa einmitt efnast mjög í gegnum tíðina, sérstaklega vegna skattaundanþága. Frægur Hollywood-stjörnur á borð



við Tom Cruise, John Travolta og Juliette Lewis eru iðkandi meðlimir.

„Ef ég hefði vitað að hann væri frá Vísindakirkjunni þá hefði ég spurt hann hvernig Tom Cruise hefði það,“ segir Björgvin kíminn.

„En ég kveikti ekkert á því. Þegar ég var ungur maður var þetta mjög vinsælt hérna á Íslandi. Fólk úr kirkjunni var með bás á Austurstræti þar sem það var með spurningalista fyrir fólk og svo var verið að láta fólk taka þessi próf.“

### Átján ára brandari

Vísindakirkjan er ekki skráð trúfélag á Íslandi en til er áhugamannafélag sem ber nafn hennar, stofnað árið 2000. Samkvæmt stofngögnum þess er tilgangur félagsins að „koma á opinberum samskiptum við alheimshreyfingu vísindakirkjunnar og breiða út boðskap hennar.“ Þegar DV hafði samband fengust hins vegar þau

svör að félagið hefði aldrei haft neina starfsemi og aldrei skilað neinum ársreikningum.

Gunnar Már Karlsson, lyfjafræðingur og einn af fimm stofnendum félagsins, segist ekkert vita um manninn dularfulla á Borgarfirði eystra þegar DV leitaði til hans. Hann segir:

„Þetta félag okkar hefur verið stofnað sem eitthvert grín í gamla daga. Ég man ekki einu sinni eftir þessu.“

Annar þeirra, Arnór Geir Jónsson, sagði í viðtali við DV árið 2008 að hann væri ekki trúaður á boðskap Vísindakirkjunnar en myndi fagna komu hennar ef svo bæri undir. „Þegar það var rætt að færa flugvöllinn úr Vatnsmýrinni fannst mér og nokkrum félögum kjörið að stofna Vísindakirkjuna í þeim tilgangi að sækja um að reisa stórt félagsheimili fyrir kirkjuna. Þetta er nú lengsti brandari sem við höfum haldið gangandi,“ sagði Arnór.

Samkvæmt bæklingum sem Vísindakirkjan hefur gefið út hefur hún starfsemi á Íslandi. Næsta musteri hennar er hins vegar langt í burtu, í borginni Birmingham í Bretlandi. Hvort við fáum að sjá meira af útsendurum Vísindakirkjunnar á Íslandi á komandi árum verður að koma í ljós. ■

Jóhann keyrði aftan á bíl og  
tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS





Menningarnótt í Reykjavík 2018

# SÁLMAFOSS Í HALLGRÍMSKIRKJU

18. ágúst kl. 15-21



## DAGSKRÁ

15.00 Sálmasöngur - samsöngur

15.10 Sálmar á nýrri öld - Kammerkórinn Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar og Sigurður Flosason tónskáld og saxófónleikari kynna og flytja nýja sálma eftir Sigurð og Aðalstein Ásberg Sigurðsson skáld. Sigurður rammar inn flutninginn með spjalli og spuna á saxófón.

15.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".

16.00 Sálmasöngur - samsöngur

16.10 Söngsveitin Fílharmónía flytur fjölbreytta kórtónlist undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.

16.40 Lára Bryndís Eggertsdóttir leikur sálmaforleiki á Klais-orgelið.

16.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".

17.00 Sálmasöngur -samsöngur

17.10 Mótettukór Hallgrímskirkju syngur sálmaútsetningar og mótettur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Bergljót Arnalds syngur Heyr, himna smiður með kórnum.

17.30 Hannfried Lucke, konsertorganisti frá Salzburg, leikur á Klaisorgelið

17.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".

18.00 Sálmasöngur - samsöngur

18.10 Umbra, flytur maríusöngva frá miðöldum, antifón eftir Hildegard von Bingen og veraldlega og trúarlega þjóðsöngva. Hópin skipa þær Alexandra Kjeld, Arngerður María Árnadóttir, Lilja Dögg Gunnarsdóttir og Sigrún Harðardóttir.

18.35 Björn Steinar Sólbergsson organisti Hallgrímskirkju flytur fjölbreytta orgeltónlist.

18.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".

19.00 Sálmasöngur - samsöngur

19.10 Hildigunnur Einarsdóttir altsöngkona og Björn Steinar Sólbergsson flytja sálma og aríur eftir Bach o. fl.

19.30 Sálmaspuni. Sigurður Flosason saxófónleikari og Gunnar Gunnarsson orgelleikari spinna út frá þekktum sálum.

19.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".

20.00 ManKan rafspunadúett. Guðmundur Vignir Karlsson og Tómas Manoury. Rafspunadúettinn ManKan tengist midi-búnaði Klaisorgelsins.

20.30 Orgelspuni og sálmaforleikir. Hannfried Lucke konsertorganisti frá Salzburg kemur sálmafoss gestum á óvart með fjölbreyttri túlkun á Klaisorgelið

21.00 Klukkuspil Hallgrímskirkju ómar út í nóttina.

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!

Kynnar: Dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur Hallgrímskirkju, og Inga Harðardóttir, æskulýðsfulltrúi Hallgrímskirkju. Inga Rós Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju. Listrænn stjórnandi og ábyrgðarmaður Sálmafoss er Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju.

# Dæmdir barnaníðingar, kung sértrúarsöfnuður leika lausur

■ Barnaníðingar í stjórn ■ Reglur brotnar ■ Isavia vissi ekki neitt ■ Sértrúarsöfnuður

**Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson**  
bjartmar@dv.is

**Hjálmar Friðriksson**  
hjalmar@dv.is

**Kristinn Haukur Guðnason**  
kristinn@dv.is

**Kristjón Kormákur Guðjónsson**  
kristjon@dv.is

Það vakti mikla athygli þegar Sigurður fór beint á ökklaband og var í umsjá vinar síns.



**H**vað eiga tveir barnaníðingar, kung-fu prestur, flugvélar, þyrlur, Panamaprins, kapella og sértrúarsöfnuður sameiginlegt? Jú, allt þetta er að finna í flugskýli 1 á Reykjavíkflugvelli. Barnaníðingarnir sitja í stjórn félags sem er skráð með yfir 200 milljónir í hlutafé, kung-fu presturinn, sem eitt sinn var lífvörður og sjóræningjabani, stýrir samkomum sértrúarsafnaðarins og Panamaprinsins á skýlið sjálft. Barnaníðingurinn heitir Sigurður Ingi Þórðarson, betur þekktur sem Siggi hakkari, og situr hann einn í stjórn ásamt Robert Tomasz Czarny sem misnotaði tvær stúlkur hér á landi um árabil. Allir hafa þeir aðgang að haftasvæðum. Og þegar meðlimir sértrúarsafnaðarins mæta á svæðið geta þeir hæglega farið inn á viðkvæm svæði eða farið um borð í flugvélar og jafnvel sest upp í þyrlu og tekið á loft væri sá áhugi fyrir hendi. Eftirlit er ekkert. Til að rekja þessa sögu þurfti nokkra blaðamenn og talsvert pláss enda um ævintýralega atburðarás að ræða sem aldrei hefði átt að eiga sér stað.

Sigurður Ingi hefur undanfarna

mánuði starfað á Reykjavíkflugvelli sem framkvæmdastjóri félags í eigu auðkífingsins Hilmar Ágúst Hilmarssonar. Starfsfólki annarra fyrirtækja á velli er brugðið og finnst óþægilegt að vera í kringum hann enda hefur hann fengið dóma fyrir bæði kynferðisbrot gegn ungum piltum og fjárvik.

Í krafti starfa sinna hefur Sigurður haft aðgang að haftasvæðum og myndavélakerfi sem fyrirtæki hans setti upp. Sigurður starfar einnig fyrir annað félag Hilmar sem rekur Flugskýli númer 1 á Reykjavíkflugvelli og þar var Dan Sommer, lífverði Sigurðar og prests, boðið að starfrækja kirkju-

starf gegn því að taka að sér starf öryggisfulltrúa. Sommer leiðir sértrúarsöfnuð sem telur um þrjátíu manns en þar blandast saman kristni og austræn dul-speki.

Blaðamenn DV fóru í flugskýli 1 og ræddu við Sigurð, Hilmar og prestinn Dan Sommer hvern í sínu lagi. Við tóku tveir tímar af stórfurðulegum viðtölum þar sem þeir töluðu þvers og kruss. Allir þrír töluðu merkilega opinskátt um vafasama gjörninga, sem í það minnsta jöðruðu við lögbrot. Þegar blaðamenn DV fóru að spyrja Sigurð um starf hans sem stjórnarmaður félags sem er með mörg hundruð milljónir í hlutafé kom fljótt í ljós að Sigurður vissi lítið um skuldbindingar félagsins og fjárhagsstöðu þess. Ítrekað spurðu blaðamenn út í reksturinn og kom þá nánast alltaf sama svarið.

„Þið verðið að tala við eigandann, ég get ekkert svarað því. Það eiginlega bara gerðist,“ segir Sigurður þegar hann var spurður hvernig það kom til að hann byrjaði að vinna hjá fyrirtækinu. Blaðamenn spurðu hvort Sigurður hefði haft vitneskju af því að móðurfélag Ace Holdings, Arwen Establishment, hafi verið í Panamaskjölunum og svarar:

„Þið eruð að segja mér fréttir.“

Blaðamenn ræddu í um 20 mínútur fyrir utan flugskýli 1 en því samtali lauk þegar Hilmar Ágúst

kom gangandi að og bað Sigurð að hjálpa sér. Blaðamenn biðu og bjuggust við að geta rætt við Sigurð lengur, en eingöngu Hilmar Ágúst kom aftur út. Ræddu blaðamenn ekkert frekar við Sigurð.

„Starfsfólkið er að rekast á hann hérna og finnst þetta ástand óþægilegt,“ segir starfsmaður á Reykjavíkflugvelli sem ekki vill láta nafns síns getið. „Hér vinnur fjölskyldufólk sem kemur oft með börnin sín í vinnuna, sérstaklega um helgar, en það er farið að veigra sér við því, því hann er hér á öllum tímum. Það virðist sem hann búi í skýli 1 og ungir drengir oft með honum í fylgd.“

Sigurður er ekki með neitt skráð lögheimili í Þjóðskrá. Eins og flestir muna þá er brotasaga Sigurðar löng og meðal annars var hann dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn níu ungum piltum árið 2015 og hlaut fyrir það þriggja ára fangelsisdóm. Auk þess sveik hann fjármuni út úr fjölda fyrirtækja, meðal annars Wikileaks sem hann starfaði áður hjá sem sjálfbodaliði. Fékk hann fyrir það þungan dóm í lok árs 2014.

Blaðamenn DV ræða nokkuð ítarlega um kynhneigð og eðli afbrota Sigurðar við Sommer, sem tekur það sérstaklega fram að Sigurður hafi gefið honum leyfi til ræða mál hans. Sommer segir



Fyrirtæki Hilmar kom fyrir í Panamaskjölunum. Hann réð Sigurð Inga vegna vorkunnar.

## Sumartilboð

### Sægreifans

Humarsúpa, brauð & ískaldur gull á 2.000 kr






# Sægreifinn

geirsgötu 8 / s. 553 1500









*Flamant*  
*tímalaus hönnun*



HEIMILI & HUGMYNDIR



Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími 578 4400 | [heimilioghugmyndir.is](http://heimilioghugmyndir.is)





# ÚTRISA ÚTSALA

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MP3 SPILARAR  
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR  
DVD SPILARAR BÍLMAGNARAR  
BÍLHÁTALARAR HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ  
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

**ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR**

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR  
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL  
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR  
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR  
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN  
RYKSUGUR

## NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti

65" LG sjónvörp frá 139.995

Pvottavélar frá 29.995

Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr afslætti

Matvinnsluvélar með allt að 50% afslætti

55" sjónvörp frá 49.995

Whirlpool ofnar með allt að 50% afslætti

Sous Vide tæki frá 9.995

Spansuðu helluborð frá 26.995

LG tvöfaldir stál kæliskápar frá 149.995

Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti

Sjá allt úrvalið  
á [ht.is](http://ht.is)



Heimilistæki

[www.ht.is](http://www.ht.is)

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA  
FRÁ 10-18 og LAUGARDAGA 11-16.

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LG CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON BEKO scan domestic wilfa  
Melissa friete elna VESTFRÖST Robot MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO OBH NORDICA




# 2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Exellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 560LU Excellent - 3.890.000 kr.
- 560Kmfe DeLuxe Edition - 3.950.000 kr.
- 650Kmfe DeLuxe Edition - 4.300.000 kr

Verð skráð og með virðisaukaskatti. Athugið að verð eru með mikið af aukabúnaði. Öll með rafgeymakerfi.



**Optima Premium T 65 FL**  
Verð 10.990.000 með vsk



**Optima Premium T 70 F**  
Verð 11.850.000 með vsk

Nýir 2018 árgerðir með mikið af aukabúnaði: 16" álfelgur, Hjólagrind, Markisa, blindgardínur, Loftkæling, bakkmyndavél, leiðsögukerfi og margt fleira. Einnig hægt að fá dráttarkúlu. Hef einnig fleiri gerðir til afgreiðslu fljótt.

B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • [www.saetoppur.is](http://www.saetoppur.is)

# Hafa áhyggjur af afskiptum Rússa af áformum Makedóníu um aðild að NATO

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Lýðveldið Norður-Makedónía (betur þekkt sem Makedónía) verður aðildarríki NATO ef allt gengur samkvæmt áætlun en aðildin fellur ekki í góðan jarðveg hjá Rússum enda líta þeir á Balkanskaga og nærliggjandi svæði sem áhrifsvæði sitt og kæra sig ekki um að fá enn eitt NATO-ríki í bakgarð sinn. Á leiðtogafundi NATO fyrr í sumar var Donald Trump Bandaríkjaforseti spurður hvort hann teldi að Rússar myndu reyna að auka áhrif sín í Makedóníu eftir að viðræður NATO og Makedóníu um NATO-aðild hefjast. Hann var einnig spurður hvað NATO og Bandaríkin myndu gera til að spyrna við áhrifum Rússa á vestanverðum Balkanskaga.

„Við segjum aldrei neitt um framtíðaráætlanir okkar.“

Svaraði Trump stutt og laggott og ræddi þetta ekki frekar sem verður nú að teljast frekar ólíkt honum enda ekki vanur að vera spar á yfirlýsingar og stór orð.

En flestir vestrænir fréttaskýrendur og sérfræðingar eru ekki í vafa um að svarið við fyrri spurningunni sé já. Hins vegar er ekki eins ljóst hvað NATO og Bandaríkin munu gera til að spyrna gegn áhrifum Rússa á vestanverðum Balkanskaga. En það er ljóst að Grikkir ætla ekki að láta Rússa vaða uppi án þess að reyna að spyrna við fótunum. Þeir hafa nú þegar vísað tveimur rússneskum stjórnarierindrekum úr landi og hafa neitað tveimur til viðbótar um heimild til að koma til Grikklands. Ástæðan er að sögn grískra stjórnvalda að rússnesku stjórnarierindrekarnir höfðu reynt að móta embættismönnum í norðurhluta



Zoran Zaev  
Forsætisráðherra  
Makedóníu t.h.

Grikklands til að reyna að láta viðræður Grikkja og Makedóníu um nýtt nafn Makedóníu fara út um þúfur. Viðræðurnar gengu nýlega upp eftir 27 ára deilur ríkjanna vegna nafns Makedóníu. Samningurinn gengur út á að nafni Makedóníu verði breytt í Lýðveldið Norður-Makedónía en á móti viðurkenna Grikkir landið og veita makedónska minnihlutunum í Grikklandi ákveðin réttindi. Deilurnar um nafn Makedóníu eiga rætur að rekja til þess að eitt hérað í Grikklandi heitir Makedónía. Þetta hefur valdið því að Grikkir hafa þvertekið fyrir að Makedónía fengi aðild að NATO

eða ESB. En nú eru þessar deilur næstum úr sögunni og því fátt sem stendur í vegi fyrir NATO- og ESB-aðild nema hvað gríska þingið á eftir að samþykkja samninginn og Makedónar greiða þjóðaratkvæði um hann síðar á árinu.

#### Rússar eru ósáttir

Makedónía er víðs fjarri ESB-aðild þar sem efnahagur landsins uppfyllir ekki skilyrði fyrir aðild en NATO er reiðubúð til viðræðna um aðild enda er stefna NATO að halda dyrunum opnum fyrir ný aðildarríki sem sjálf óska eftir aðild. En stækkun NATO fer illa í Rússa og gengur augljóslega gegn

hagsmunum þeirra. Þeir telja að NATO sé að mjaka sér nær landamærum Rússlands með því að styrkja samstarf við ríki eins og Georgíu og Úkraínu hægt og rölega. Það er þjóðaratkvæðagreiðslan í Makedóníu sem menn óttast að Rússar ætli að skipta sér af. Fyrirnefndir stjórnarierindrekar höfðu að sögn sett sig í samband við pólitíska hópa yst til hægri auk lykilmanna í rétttrúnaðarkirkjunni sem er tengd Rússlandi sögulegum böndum.

Zoran Zaev, forsætisráðherra Makedóníu, sagði í samtali við BuzzFeed að grískir kaupspyslumennt, sem styðja málstað Rússa, hafi greitt ákveðnum Makedónum 13.000 til 21.000 dollara fyrir að fremja ofbeldisverk í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Hópur makedónska blaðamanna hefur einnig upplýst að rúmlega 350.000 dollurum hafi verið deilt niður á stjórnmálamenn, þjóðernishreyfingar og fótboltabullur til að hafa áhrif á þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Nikos Zydakis, ráðherra Evrópumála í Grikklandi, sagði í samtali við BuzzFeed að önnur ríki hefðu áður reynt að hafa áhrif á landið en það hafi ekki verið alvarlegar tilraunir, en samningurinn við Makedóníu breyti öllu og tilraunirnar verði væntanlega mun alvarlegri. Hann sagði að skilaboð Grikkja til Rússa væru mjög skýr, samningurinn sé á milli Grikklands og Makedóníu og aðrir eigi ekki að blanda sér í málið.

Rússar eru sagðir hafa blandad sér í mál í Serbíu og Svartfjallalandi, sem er aðili að NATO, sem og í öðrum ríkjum í Evrópu. Þar hafa verið nefnd til sögunnar afskipti og tilraunir til íhlutunar í lýðræðislegum kosningum í Þýskalandi og Frakklandi á síðasta ári og Brexitkosningarnar margfrægu. Því óttast margir að Rússar muni láta að sér kveða í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Makedóníu. ■

## EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3  
S. 578 6800

### 3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA  
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF  
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Við  
segjum  
aldrei neitt  
um framtíðar-  
áætlanir  
okkar





Starfsmannaleiga  
&  
Ráðningaþjónusta



**ICELAND**

**RECRUITMENT**

ALLTAF GOTT FÓLK

[Icelandrecruitment.is](http://Icelandrecruitment.is)

„Fagmenn frá Bretlandi“

Alan Matthews  
Framkvæmdastjóri  
GSM / Mobile: +354 775-7336  
[alan@irc.is](mailto:alan@irc.is)



Sala á öllum hreinlætisvörum  
og áhöldum til ræstinga fyrir  
fyrirtæki, stofnanir og  
heimili í verslun okkar



# Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

## Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.  
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:  
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892 5232  
865 2425 (vaktími allan sólarhringinn)  
Netfang: [thrif@thrif.is](mailto:thrif@thrif.is) Veffang: [www.thrif.is](http://www.thrif.is)

Með allt á hreinu í 15 ár





**LAGNAVIÐGERÐIR**

SÍMI: 581 1888 / WWW.LAGNAVIÐGERDIR.IS

# LANGVARANDI LAUSN & SKJÓT VINNUBRÖGÐ

**Lagnaviðgerðir býður uppá langvarandi lausn og skjót vinnubrögð á sviði endurnýjunar á skólplögnum, frárennislögnum**

## FÓÐRUN SKÓLPLAGNA

Fóðrun lagna felur í sér að búa til nýja lögn inní þá eldri skólplagnir, frárennislagnir sem eru skemmdar eða tærðar. Lagnir eru þá endurnýjaðar með því að blása inn sérstökum sokk



Brawoliner efnið sem við notumst við býður upp á óaðfinnanlegan textíl sokk. Þökk sé sérstakri aðferð við framleiðslu hans er gott að meðhöndla efnið frá Brawoliner sem gerir vinnuna

fljótlega. Þetta býður uppá hina fullkomnu lausn fyrir skemmdar skólplagnir efnið getur tekið beygjur allt að 90° og allt að tveimur breytingum í þvermál. Brawoliner er með endingartíma til allt að 50 ára þessi lausn er hrein, hagkvæm og umhverfisvænn valkostur sé borið saman við að brjóta eldri lagnir upp.

Lagnaviðgerðir notast eingöngu við sokkaaðferðina við lagfæringar og endurnýjun skólplagna.

## NÝJASTA TÆKNI OG GÆÐA EFNI VIÐ FÓÐRUN LAGNA

Lagnaviðgerðir sérhæfir sig í fóðrun lagna með nýjustu tækni og endingargóðum efnum. Þau tæki og efni sem Lagnaviðgerðir notar við sokkaaðferðina eru frá þýskum framleiðanda. Sokkurinn sjálfur, hörðunar- og festiefnin eru gæðavottuð af Byggingaeftirlitsstofnun Þýskalands (DIBt)




**FYRIR FÓÐRUN**



**EFTIR FÓÐRUN**

**Hafðu samband og við komum á staðinn til að meta aðstæður og gerum þér hagstætt tilboð.**







Sjáðu úrvalið  
á [goddi.is](http://goddi.is)

**MARGAR  
GERÐIR**

# Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



# GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550







**Allsnakinn og allslaus í beinni** Hvernig er tilfinningin að búa í glerkassa, án alls nema þess sem utan-  
aðkomandi gefa þér? Myndlistarneminn Almar Atlason svaraði þeirri spurningu í desembermánuði árið 2015, í lokaverkefni  
sínu í námskeiðinu Leiðir og úrvinnsla fyrir Listaháskóla Íslands, þar sem hann dvaldi allsnakinn í kassa í heila viku – í beinni  
útsendingu. Viðbrögð almennings við gjörningnum voru vægast sagt blendin. Var listrænt gildi í þessu eða fann maður-  
inn sér einfaldlega ekkert betra að gera í heila viku? Hins vegar verður að dást að hugrekki mannsins fyrir að leika sér á  
Adamsklæðum á opnum vettvangi í þágu síns áhugasviðs. Það sem leið eins og heil vika fyrir hann voru í rauninni fimmtán  
mínútur hjá almenningi, eða svo gott sem. Ekki má heldur gleyma því þegar hann lá endilangur, horn í horn í kassanum, og  
byrjaði að stunda sjálfsfróun fyrir framan hundruð áhorfenda sem fylgdust með streyminu á YouTube. Hvort myndlist-  
arneminn hafi á endanum stigið út úr kassanum gjörbreyttur maður eða ekki er eitthvað sem aðeins hann getur svarað  
fyrir um. Jafnvel hvort það búi meira í honum sem getur sett samfélagið á aðra hliðina, en almenningur hefur lengi  
bedið spennur eftir framhaldi á þessum bersýnilega gjörningi.



**Sigráði heiminn og fór aftur í leikskólann** Hólmfríður kom, sá og sigráði í keppninni Ungfrú heimur árið  
1985 en 78 stúlkur tóku þátt í keppninni. Þetta var í fyrsta skipti sem íslenskur keppandi hlaut þennan titil (sem sannaði endanlega  
fyrir heiminum að íslenskt kvenfólk er með því fallegasta í heiminum og víðar) en alls ekki hið síðasta. Arftakar hennar að titlinum  
urðu seinna meir Linda Pétursdóttir, þremur árum síðar, og síðan Unnur Birna Vilhjálmisdóttir árið 2005. Annað en með titilssystur  
hennar ákvað Hófi þó ekki að viðhalda fyrirsætufurfinum, þrátt fyrir að tilboðum rigndi inn í kjölfar sigursins. Hófi kunni vel við sig sem  
leikskólakennari og lætur gott af sér leiða í því fagi.



**Skiptir stærðin máli?**

Offita hefur lengi verið feimnismál en í þeim málum lagði Guðjón Sigmundsson, þekktur sem Gaui litli, alla þjóðina að fótum sér. Þetta var fyrir rúmum tuttugu árum, þegar hann kom vikulega fram í magasín-þættinum Dagsljós og var vigtaður hverju sinni. Ýmsir muna kannski eftir því þegar hann birtist þjóðinni á hvítum nærbuxum, stálhress að sjá og 170 kíló að þyngd. Breyting Gauja var gríðarleg í gegnum tímann og heillaðist landinn að jákvæðni hans, framgöngu og drífanda í átt að heilbrigðari lífsstíl. Sviðsljós Gauja varði í lengri tíma en hinar hefðbundnu, ímynduðu fimmtán mínútur gefa trúlega til kynna, en maðurinn mætti stór, minnkaði og, að lokum, hvarf, en með pomp og prakt mætti segja.

**NOKIA 3.1**

**DUAL 13 MP MYNDAVÉL**

**TEKUR 2 SIMKORT**

**5.2" HD SKJÁR MEÐ GORILLA GLASS**

**NOKIA androidone**

**ZEISS**



# „Kynntist þessum líka skemmtilega strák sem kann að kyssa“

■ **Júró-Reynir fann ástina í Finnlandi**

Óðinn Svan Óðinsson  
odinn@dv.is



**R**eynir Þór Eggertsson, Júró-Reynir eins og hann er jafnan kallaður, hafði starfað sem kennari við

Menntaskólann í Kópavogi um árabil þegar háskólinn í Helsinki auglýsti eftir íslenskulektor. Reynir stökk til, sótti um starfið og ekki

leið á löngu þar til hann hafði ráðið sig við skólann. Ákvörðunin átti eftir að hafa mikil áhrif á líf Reynis því nú, ári síðar, hefur Reynir fundið ástina og skafið af sér heil 20 kíló.

## „Allt gekk þetta eins og í sögu“

„Eftir að hafa kennt um árabil við Menntaskólann í Kópavogi langaði mig til að starfa aftur í háskólaumhverfi og gott fólk hvatti mig til að sækja um stöðu íslenskulektors við Helsinkiháskóla sem losnaði síðasta vetur. Ég var svo heppinn að mér bauðst launalaust leyfi frá stöðunni minni við MK, fékk traustan leigjanda að íbúðinni minni og gat því flust hingað út án þess að brenna allar brýr að baki mér,“ segir Reynir um aðdraganda þess að hann ákvað að flytjast til Finnlands.

Eftir að út var komið gekk allt fljótt og örugglega fyrir sig og áður en Reynir vissi af var líf hans komið í nýja rúttinu, í nýju landi. „Ég vissi það eitt að í Finnlandi biði mín skrifstofa, nemendur og tímabundin íbúð á hóteli sem háskólinn rekur. Allt gekk þetta eins og í sögu, ég fann íbúð strax á þriðjudeginum og gat flutt inn á föstudegi,“ segir Reynir.

## Fann ástina með hjálp Pýri Soiri

Ekki leið á löngu þar til ástin bankaði á dyrnar hjá Reyni en fljótlega eftir að hann flutti út fór hann að hitta mann. „Haustið leið heldur þægilega, vinnan var skemmtileg og ég kynntist þessum líka skemmtilega strák sem kann að kyssa. Hann heitir Timo og starfar sem sjónvarpsþýðandi úr ensku á finnsku. Við spjölluðum saman á netinu strax eftir að ég kom hingað út, hittumst svo einu sinni í lok ágúst. Síðan leið nokkur tími þangað til við hittumst aftur.“ Það var svo fyrir tilstuðlan íslenska landsliðsins sem Timo og Reynir hittust aftur.

„Það var föstudaginn 6. október, þegar íslenska karlalandsliðið vann Tyrkja í undankeppni HM. Sama kvöld var Finnland að spila við Króatíu og ég sagði við hann eftir að Króatar skorðu að ef Finnar jöfnuðu myndi ég kyssa hann. Svo tók Pýri okkar Soiri í taumana og þá var kallað eftir kossinum. Við erum eiginlega bara búnir að vera að kyssast síðan,“ segir Reynir en Pýri varð í kjölfarið þjóðhetja hér á landi.

## Erfið veikindi

Fljótlega eftir þetta kom Reynir til Íslands í frí yfir jólin. Hann hafði ekki verið lengi hér á landi þegar hann fór að finna fyrir miklum verkjum í baki. „Ég fékk slæman bakverk nokkrum dögum fyrir jól sem svo fór að leiða niður í fót og líðanin versnaði dag frá degi. Þetta var mjög sársaukafullt, fyrst í mjóhryggnum en svo komu verkir niður í fótinn og mikill doði, alveg frá klofi og niður úr. Sársaukinn er í raun ekki aðalmálið heldur það hvernig maður missir mátt og stjórn á líkamanum. Því fylgir auðvitað mikil hræðsla. Fyrst vill maður ekkert vita af þessu, reynir að útiloka að þetta geti verið að gerast en loks getur maður ekkert lokað augunum lengur og þá þarf maður bæði að hafa kjark og raunsæi til að takast á við það sem er að gerast um leið og maður berst við hræðsluna um að þetta



sé varanlegt ástand, sem bara muni versna,“ segir Reynir.

Reynir leitaði oft til læknis áður en hann gafst upp á heilbrigðiskerfinu hér á landi og fór aftur til Finnlands. „Ég flaug aftur út 8. janúar en þá var ég búinn að fara fjórum sinnum til læknis, fyrst á heilsugæslustöð og svo þrisvar á bráðamóttökuna. Þar varði ég mörgum klukkustundum en aldrei var ég nógu veikur til að neitt væri gert fyrir mig. Ég ákvað að lokum að redda hjólastólum á flugvöllunum og fljúga heim til Finnlands og sjá hvort betur yrði tekið á móti mér hér.“

Þegar til Finnlands var komið fékk Reynir loks þá þjónustu sem hann þurfti. „Ég var ekki búinn að bíða í korter á bráðamóttökunni í Finnlandi þegar ég hitti hjúkrunarfræðing og innan 90 mínútna var ég kominn í innlögn. Ég var sendur á annað sjúkrahús í segulómsskoðun rétt um miðnætti og klukkan 5 að morgni var búð að ákveða að skera mig upp klukkan 8,“ segir Reynir sem hrósar þeirri þjónustu sem hann fékk í Finnlandi í hástert.

„Ég hóf svo störf aftur í lok febrúar og það var auðvitað ekki alltaf létt en ég fékk að forgangsráða kennslutengdum störfum og láta annað sitja á hakanum, svo þetta reddaðist allt. Ég er enn að vinna í því að ná fullri heilsu og stjórn á hægri fæti og fer í sjúkrahjálfun og hleyp í sundlauginni.“

## Breyttur lífsstíll þökk sé bílleysi

Þrátt fyrir þessi erfiðu veikindi segir Reynir lífið í Finnlandi hafa farið vel með hann, ekki hvað síst líkamlega, en frá því að hann fluttist út hefur hann losað sig við 20 kíló. „Þessir búferlaflutningar hafa verið mikil lífsstílsbreyting. Í fyrsta lagi á ég ekki bíl hér í Helsinki. Í staðinn nota ég almenningsamgöngur, aðallega sporvagna en líka stundum strætó og metró. Í sumar hef ég líka notað borgarhjólina aðeins. Þetta þýðir að ég geng alltaf aðeins meira en heima; hver ferð krefst aðeins meiri hreyfingar. Ferðirnar verða líka fleiri, þar sem maður getur borið minna í hvert sinn, til dæmis þegar maður verslar. Þá freistast ég heldur ekki til að stoppa í lúgusjoppu og fá mér pylsu eða eitthvað annað. Það að almenningsamgöngur virki vel hér í Helsinki þýðir að bíllaus lífsstíll er raunhæfur möguleiki fyrir venjulegt fólk. Ekki nóg með að heilsan batni við aukna hreyfingu, heldur er bílleysið stærsta einstaka kaupmáttaraukningin sem ég hef fundið fyrir við það að flytja hingað,“ segir Reynir að lokum. ■

**Mamma Veit Best**  
HREIN HEILSA

**NATURAL VITALITY**  
Lifandi Hindberja og Sítrónberja

**Náttúruleg SLÖKUN**  
Styrkur gegn streitu  
Kemur íforvagi á kalk upptöku og jafnar  
baldríkmagn magnesíum í líkamanum  
226 gr

**BETRI SVEFNI**



# ÁST OG FRIDUR Á LAUGARVATNI

Andi kærleikans svífur yfir Laugarvatni

Verið ávallt velkomin - [www.heradsskolinn.is](http://www.heradsskolinn.is)



Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Tónlistarkonan Hekla Magnúsdóttir byrjaði að læra á selló nú ára gömul en hefur spreytt sig í þeramínleik að stórum hluta þennan áratug. Segja má að tónlist renni um æðar hennar enda er faðir hennar tónlistarmaðurinn, leikarinn og fyrrverandi GusGus-meðlimurinn Magnús Jónsson.

Árið 2014 gaf hún út fyrstu smáskífuna sína, Hekla, við góðar undirtektir og vann tónlistarverðlaunin Kraumur á því sama ári. Í september gefur hún út sína fyrstu breiðskífu sem ber heitið Á og byggir sú plata aðallega á þeramínleik og söng.

Ástríða hennar fyrir tónsmíðum kom þegar hún uppgötvaði þeramínhljóðfærið og fór að fíka við ýmiss konar hljóðbrellur. Þá fann hún smjörþefinn af ánægjunni við ferlið að skapa eitthvað nýtt og hefur hvorki eldmóðurinn né sköpunargleðin stöðvað síðan. „Í dag á ég til að gleyma alveg stund og stað við æfingar og missi allt tímaskyn,“ segir Hekla.

#### Faldi sig á bak við hljóðbrellur

Að sögn tónlistarkonunnar laðaðist hún að þeramíni af tveimur lykilástæðum; fyrir það fyrsta er hljóðfærið tiltölulega nýtt og í öðru lagi fylgja engar fastar reglur um hvernig eigi að spila á það. „Þetta býður einfaldlega upp á svo ótrúlega marga möguleika, nánast takmarkalausa,“ segir hún.

„Þegar ég byrjaði vissi ég í rauninni ekkert hvað ég var að gera. Ég gerði bara „hljóðeffekta“ og kunní varla að spila neitt. Síðan gekk ég til liðs við brimbrettasveitina Bárújárn og gerði þar ýmis hljóð,“ segir Hekla.

Hljómsveitin Bárújárn var stofnuð haustið 2008 í Reykjavík og spilaði hressilegt brimbrettarokk með drungalegum undirtón. Árið 2010 var bandið sigurvegari í hljómsveitakeppninni Þorskastríðið, sem að mati Heklu var afar hvetjandi afl í

## Hekla Magnúsdóttir fylgir sínum eigin reglum:

# Drungi, birta og takmarkalausir möguleikar

■ Semur tónlist fyrir sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd



Mynd: Ómar Sverrisson



að prófa sig meira áfram. „Með tímanum varð ég betri og betri í þeirri list að leika mér með alls konar mótíf, en ég lærði samt heilmikið á því að fela mig á bak við effektana.“

Hekla lýsir stíl sínum sem heldur frjálsegum enda unninn

að miklu leyti út frá spuna. „Ég „layera“ oft margar raddir, þannig að útkoman verður eins konar þeramínkór,“ segir hún. „Mörgum gæti þótt stíll minn frekar þungur, jafnvel drungalegur en hann á það líka til að vera mjög bjartur.“

#### Undir spænskum áhrifum

Tónlistarkonan er nú búsett í Berlín en ólst upp að stórum hluta á Spáni. Þá tekur hún fram að töluverð áhrif spænskrar tónlistar læðist í hennar eigin. Hekla kann sérstaklega vel við tónlistarsenuna í Þýskalandi og segir fjölbreytileikann vera einn af betri kostum Berlínar. „Það eru tónleikar úti um allt hérna og auðvelt að bæði skipuleggja og gera hluti hérna.“

Aðspurð um áhrifavalda sína segir Hekla listann vera ótæmandi, en popptónlist talar sérstaklega til hennar og nefnir hún Madonna, Kylie Minogue og Backstreet Boys sem stóra þátttakendur í hennar tónlistaruppeldi. Hvað áhrifavalda í þeramínleik varðar segir hún stöllum Clöru Rockmore og Pamelíu Stickney koma fyrst upp í hugann.

Hún segir tónlistina fyrst og fremst eiga hvað stærsta sessinn í sínu hennar en helstu áhugamál hennar auk þess að endurraða húsgögnunum heima hjá sér eru, eins og hún segir, góðar vísindaskáldsögur og hryllingsmyndir. Þannig vill til að stór draumur hjá Heklu er að prófa sig áfram í kvikmyndatónlist og þá sérstaklega í þessum tilteknu geirum, en það væri ekki í fyrsta sinn.

Hekla hefur hingað til unnið að tónlist fyrir tvær kvikmyndir; önnur er frönsk kvikmynd og ber heitið Les Garçons Sauvages (The Wild Boys á ensku) og er þar um að ræða vísindaskáldsögu með

„Einu sinni spilaði ég með pítsusneið“

hrollvekjuvafi. Fyrir þá mynd samdi Hekla helming tónlistarinnar á móti Pierre Desprats. Hin myndin er aftur á móti dramamynd en þar mun Hekla alfarið sjá um tónlistina. Sú mynd ber heitið Stories from the Chestnut Woods og er framleidd í Slóveníu.

#### Kúnstir með pítsusneið

Ástæðan fyrir því að nafnið Á kom til sem heiti breiðskífu Heklu er sú að orðið hefur svo fjölbreytta merkingu, ekki ólíkt því hvernig fólk getur túlkað ákveðna tónlist með mismunandi hætti. Allt fer það eftir því hvernig viðkomandi tengir sig við þá tilteknu hljóma sem heyrast.

Hekla býður að öðru leyti spennit eftir viðbrögðum en heldur sér upptekinni við fleiri músíktilraunir og spilar af og til opinberlega. Aðspurð hvaða tónleikamíning standi einna helst upp úr svarar hún kát: „Einu sinni spilaði ég á þeramínið með pítsusneið. Reyndar voru aðrir sem þurftu að minna mig á það, enda var ég sjálfsagt komin fullmikið í glas á þeim tímamarki, en ég efa ekki að upplifunin hefur reynst öðrum minnisverð.“ ■



Saumastofa  
ÍSLANDS

Við erum flutt á Malarhöfða 2  
110 Reykjavík, 2. hæð

Fataviðgerðir & fatabreytingar

# Miðbærinn

10. águst 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is



Demantar, perlur og skínandi gull.  
Handsmíðað fyrir þig.



# Gull & Silfur

Laugavegi 52, 101 Reykjavík

REYKJAVIK  
RAINCOATS

# Rigningin er aukatriði þegar þú klæðist regnkápu frá Reykjavik Raincoats



**R**eykjavik Raincoats var stofnað árið 2014, en kveikjan var votviðrasamt sumar í höfuðborginni og árangurslaus leit tveggja vinahjóna að tímalausum regnkápum fyrir bæði kynin. Klassísk vörulína fyrirtækisins hefur fengið góðar viðtökur en regnflíkurnar eru hannaðar með það fyrir augum að endast og nýttast í hvaða veðri sem er.

„Hugmyndin var að framleiða hina fullkomnu „unisex“ regnkápu fyrir bæði kynin sem væri smart, þægileg, tímalaus og hefði umfram allt mikið notagildi. Eigandinn tæki þannig rigningardögum fagnandi, enda gæfist þá gott tækifæri til að klæðast nýju regnkápunni. Reyndar eru flíkurnar okkar þannig að þær eru flottar hvernig sem viðrar og við sjálf og okkar viðskiptavinir notum þær sem skjólflíkur, jafnvel þótt hann hangi þurr. Í rauninni er það þannig að þegar maður hefur eignast góða regnkápu frá Reykjavik Raincoats verður rigningin algjört aukatriði,“ segir Grimkell Sigurþórsson, einn eigenda Reykjavik Raincoats.

Hönnuðir lögðust í rannsóknar- og



undirbúningsvinnu og stúderuðu hvernig regnkápur voru framleiddar hér í gamla daga og hvernig sniðin voru. Markmiðið var að hanna hina fullkomnu regnkápu, sem myndi henta fyrir bæði dómur og herra og yrði framleidd í stærðum samkvæmt því.

„Kápan átti að vera einföld í sniðum, en umfram allt þurfti hún að vera endingargóð og 100% vatnsheild. Við vildum búa til regnflík sem myndi henta sem yfirhöfn, bæði hversdags og yfir betri klæðnað, jakkaföt eða kjól. Það tók okkur sex mánuði að finna rétta framleiðandann, við vildum að hann yrði í Evrópu í ekki of mikilli fjarlægð, og gæti handsaumað regnkápur í hæsta gæðaflokki eftir okkar hugmyndum.“

Fyrstu regnkápunar komu sumarið 2014 og fengu frábærar viðtökur, þar sem var farið varlega af stað í framleiðslu voru þær ídulega uppseldar fyrstu mánuðina. „Við höfum svo smátt og smátt aukid framleiðsluna, enda hefur salan vaxid jafnt og þétt allt frá byrjun. Það er ekki hægt að búa á Íslandi án þess að eiga góða regnkápu, það er

„Ef þér líkar ekki veðrið, bíddu í eina mínútu,“ er vinsæll frasi sem lýsir vel íslenska veðurfarinu, í regnkápu frá Reykjavik Raincoats ertu vel klædd/ur fyrir hvaða veður sem er.

bara staðreynd.“

„Íslendingar hafa verið mjög duglegir að kaupa regnkápunar frá okkur en líka erlendir ferðamenn. Oft panta þeir sér flík í gegnum vefsíðuna okkar eftir að þeir eru komnir aftur heim til sín, en við sendum vöruna um allan heim.

Við erum að sjálfsgöðu alltaf að spá og spekúlera í nýjum hlutum og höfum verið að kynna bæði ný snið og ný efni undanfarið.“ Kápunar fást í verslun Reykjavik



Raincoats að Hverfisgötu 82 í hjarta borgarinnar þar sem rigningardagar skapa rétta andrúmsloftið fyrir klassíska hönnun. Þar getur þú mátað kápunar og spjallað við hönnuði. Þegar rétta regnkápan er fundin þá muntu óska þess að rigni alla daga. Síminn er 571-1177 og netfang [info@reykjavikraincoats.com](mailto:info@reykjavikraincoats.com). Kápunar fást einnig í verslunum Epal Laugavegi og Hörpu og í flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Heimasíða: [www.reykjavikraincoats.com](http://www.reykjavikraincoats.com).

Kápunar fást í góðu litaúrvali og eru framleiddar úr hágæðablöndu af bómull og PVC-vínílgúmmii, sem er sýrupolið og einkar slitsterkt efni sem harðnar ekki eða springur með árunum. Kápunar eru með tvöföldum saumi og sérstakri þéttivörn að innanverðu til að auka vatnsvörnina.



MATARKJALLARINN GRÓFINNI:

# Kósi kjallari og kræsingar sem koma á óvart

**M**atarkjallari, sem staðsettur er í Grófinni í hjarta miðbæjarins, fagnaði tveggja ára afmæli í maí. Þar er boðið upp á fjölda rétta og fyrir þér eða litla hópa er tilvalið að panta nokkra og deila saman. Tvær vinkonur gerðu sér ferð þangað fyrir stuttu í fyrsta sinn og voru hæstánægðar með bæði staðinn og matinn.

Fjöldi drykkja er á vinsælli, Mojito on draft hljómaði skemmtilega og þar sem ég hef blandað ófáa slíka, aðallega í vinnu, þá varð ég að prófa einn slíkan. Vinkonan fékk sér Piscoteka, sem inniheldur pisco, grenadine og eggjahvítur. Báðir einstaklega góðir, en ég myndi samt bara fá mér einn og prófa svo annan kokteil í næstu umferð, það er ef ég ætlaði að fá mér fleiri en einn.

## Forréttir og réttir hússins mæta í tveimur höllum

Við ákváðum að panta nokkra rétti í forrétt: gæs með geitaosti og pekanhnetum, nauta carpaccio með parmesan og möndlum, heilbakaða brieost með lautarhunangi og heslihnetum og spicy andavængi með vorlauk og chili. Eins og sjá má af upptalningunni var nokkuð um ost og hnetur, sem er kannski ekki fyrir alla, en við erum að elska þetta. Ég byrjaði auðvitað á því sem hendi var næst: grafinni gæs, sem var alveg hreint geggjuð, en þínu klúður að byrja ekki á spicy andavængjunum, því þeir voru ekki lengur heitir þegar ég

færði mig í þá en bara mín mistök. Vinkonan var hins vegar vitrari og byrjaði þar og kláraði sinn skammt með mikilli ánægju. Við vorum langsælstar með spicy andavængina, nauta carpaccio (sem ég gæti borðað í morgunmat alla daga) og heilbakaða brieostinn (næst þöntum við klárlega tvo slíka).

## Aðalrétturinn – bland af því besta

Á meðal aðalréttu er steikarplanki, sem inniheldur naut, lamb, svin og humar. Sem betur fer fyrir mig kann vinkonan ekki að borða humar, þannig að ég sat ein að honum, crunchy, kryddaður og góður, akkúrat eins og ég myndi elda hann, ef ég kynni að elda!

## Ljónið lauk máltíðinni

Eftirrétturinn sem varð fyrir valinu var Lion bar súkkulaði með rifsberjum og saltkaramellusósu og viðn vorum ekki lengi að ráða niðurlögum ljónsins og klára eftirréttinn.

Við erum ekki mikið fyrir fisk og höfnuðum því tigrisrækjum þegar þjóninn stakk upp á þeim. Konan á næsta borði, fékk okkur hins vegar til að iðrast þeirrar ákvörðunar, því tigrisrækjurnar koma á borðið í gríðarlega flottri Skull-könnu og ég hlýt að geta samið um að fá að kaupa könnuna líka næst þegar ég kem! Henni virtist líka líka vel við rækjurnar, tékka á þeim næst!

## Happy Hour hefst seint – skemmtileg stemning við flygilinn

Fyrir gesti sem eru seint á ferðinni á föstudags- og laugardagskvöldum þá hefst Happy Hour kl. 23 og stendur til kl. 1 og þá tilvalið að koma í kokteila eða rétti til að deila (já, eða halda áfram eftir matinn í Happy Hour).

Allir réttirnir sem við smökkuðum eru tilvaldir til að deila og smakka, þá jafnvel fleiri en tvo eða þrjá. Fyrir gesti Menningar-nætur hentar vel að horfa á flugeldasýninguna og kíkja svo á Matarkjallarann, þar sem myndast skemmtileg og kósi stemning við flygilinn í fremri salnum.

Matarkjallari er í Aðalstræti 2 og borðapantanir eru í síma 558-0000 eða á heimasíðu staðarins.

Matarkjallari er líka á Facebook.

Opnunartími er virka daga frá kl. 11.30–15 og kl. 17–23 öll kvöld, Happy Hour föstudags- og laugardagskvöld kl. 23–1.



# Upplifðu Miðjarðarhafsstemningu í miðbænum á Menningarnótt

**Þ**ráinn Freyr Vigfússon, matreiðslumaður og fyrrverandi liðsmaður og þjálfari íslenska kokkalandslíðsins, opnaði í júní í fyrria veitingastaðinn Sumac grill + drinks að Laugavegi 28 í Reykjavík.

Sumac hefur verið mjög vinsæll frá því hann var opnaður, bæði meðal Íslendinga og ferðamanna, og einn þeirra er kokkurinn og sjónvarpsstjarnan Gordon Ramsay sem lofaði staðinn í hástert, þegar hann borðaði þar í júlí síðastliðnum. Deildi hann mynd frá staðnum á Instagram, en þar er hann með 4,6 milljónir fylgjenda.

Sumac heitir eftir djúprauðum villiberjum sem vaxa víða í Mið-Austurlöndum og við Miðjarðarhaf. Matseldin á Sumac er innblásin af seiðandi stemningu frá Beirút í Líbanon og tælandi áhrifum frá Norður-Afríku. Á staðnum er ferskt hráefni úr íslenski náttúru, matreitt undir áhrifum Mið-Austurlanda og á matseðlinum eru eldgrillaðir réttir með framandi kryddi.

Á barnum er Miðjarðarhafsstemning og í boði eru ferskir, fjölbreyttir og freistandi kokteilar. Á vinsæðlinum blandast saman innblástur frá Evrópu, Marokkó og Líbanon.

Hönnuður Sumac er Hálfán Pedersen, sem hannaði meðal annars Kex, Dill, Burro og Pablo discobar, og tekur staðurinn um 80 manns í sæti.

Sumac er kjörinn staður til að borða á á Menningarnótt og fá í leiðinni Miðjarðarhafshita í sálina. Borðapantanir eru á heimasíðunni sumac.is og í síma 537-9900. Einnig er kjörið að gefa



Liked by gunnahr, sumacgrilldrinks and 33,748 others  
gordongram Stunning food last night at @sumacgrilldrinks in #reykjavik...some of the best in #iceland right now!

gjafakort frá Sumac, en þau er hægt að kaupa á sumac.is eða á staðnum, að Laugavegi 28.

Inn af Sumac er síðan minnsti veitingastaður landsins, Óx, sem tekur 11 manns í sæti og býður upp á einstaka matarupplifun og nálægð við kokkinn. Óx er opinn miðvikudaga til laugardaga, gestir mæta kl. 19 og tekur kvöldverðurinn um tvo og hálfan tíma. Boðið er upp á öðruvísi íslenskan, gamaldags mat í nýjum búningi í bland við klassíska evrópska matargerðalist, allt er innifalið í verði, vínþörun eða óáfeng þörun og kaffi.



Þráinn Freyr þegar löggö var lokahönd á staðinn fyrir opnun.



# REYKJAVÍK RÖST VIÐ GÖMLU HÖFNINA Í REYKJAVÍK

## Gæðamatur og afslöppuð stemning

**G**amla höfnin er auðvitað algjör perla í einstöku umhverfi. Okkur fannst vanta öðruvísi veitingahús við höfnina, með afslappaðri stemningu og ódýrari valkostum í mat og drykk, þar sem fólk getur bæði stoppað stutt við sem og slakað á með góðan kaffibolla við hönd og notið þess að fylgjast með lífinu við höfnina," segir Sigurgestur Jóhann Rúnarsson rekstrarstjóri.

Staðurinn er opnaður snemma á morgnana og er opinn fram á kvöld. „Á morgnana er bakkelsi og sætabrauð í boði, til dæmis morgunverðarbakki og croissant-samlukur. Í hádeginu og fram eftir degi bjóðum við upp á heimagerðar samlukur og súpu.

Súpan er alltaf vegan og reglulega skipt um tegund. Þessa stundina erum við til dæmis með tómát- og kínoasúpu. Á matseðlinum er einnig að finna ýmiss konar barsnarl (heimagert sýrt grænmeti og reyktar/ristaðar möndlur) sem og kjöt- og ostaplatta sem fara vel með bjór og vini."

Matseðillinn er einfaldur og er eftir fremsta megni reynt að halda verði í lágmarki á bæði mat og drykk án þess að tapa gæðum. Einnig er gæðakaffi frá Lavazza, úrvalsbjórar frá Borg Brugghúsi og ágætt úrval af léttvíni. Dagleg gleðistund (Happy Hour) er frá kl. 15–19 á bjór, léttvíni og snafs dagsins. Á Happy Hour er kjörið að grípa í ýmsa afþreyingu á staðnum eins og Jenga og fleira, já, eða grípa í talborðið og taka stutta skák.

„Viðtökurnar hafa verið mjög góðar en við fáum fjölda gesta, bæði inn-

lenda og erlenda, sem leggja leið sína að gömlu höfninni," segir Sigurgestur. „Andrúmsloftið er kósi og afslappað með fallegum innréttingum í gömlum stíl þar sem haldið er í sjarma og útlit gömlu verbúðanna. Ekki má gleyma útsýninu sem er engu öðru líkt þar sem fólk hefur til að mynda útsýni út yfir gömlu höfnina og Esjuna."

Reykjavík Röst er við Gömlu höfnina í Reykjavík að Geirsgötu 5, síminn er 552-7777 og netfangið er info@reykjavikrost.is.

Opið er frá kl. 8.30–23 alla daga. Heimasiðan er reykjavikrost.is og einnig er staðurinn með Facebooksíðu.



## SKÚLI CRAFTBAR:

# Frábær stemning og Bao Bun-vagninn á Fógetatorgi

**S**kúli Craft Bar við Fógetagarðinn er þekktur fyrir mikið úrval af bjór og er vinsæll og smekklegur bar. Á Menningarnótt verður frábær stemning, en Happy Hour er allan daginn frá kl. 12 og til lokunar.

Bao Bun-vagninn er staðsettur beint fyrir utan barinn. Hann er auðvitað ætlaður hverjum sem er en gestir á Skúla Craft Bar geta haft matinn úr vagninum með sér inn á barinn og snætt hann eða pantað matinn þar inni og starfsfólkið nær í hann út í vagn.

Bao Bun er heiti á kínverskum soðbrauðum en þau eru á boðstólum í vagninum og er hægt að fá þau með ferns konar fyllingu: Pulled pork, nautakjöti, þorski og sveppum. Síðan er alltaf kimchi, gúrkur, sriracha mæjónes, steiktur skalottlaukur og kóriander með í brauðinu. Enn fremur er boðið upp á djúpsteiktar sætar kartöflur í vagninum.

Vagninn er staðsettur á Fógetatorginu fyrir framan Fógetagarðinn við Aðalstræti og er opinn frá 12 á hádegi og langt fram á kvöld. Borð og stólar eru við vagninn og hægt að snæða þar þegar vel viðrur, taka matinn með sér eða fara með hann inn á Skúla Craft Bar og fá sér góðan drykk með.

En það er líka hægt að panta vagninn á útihátíðir og í ýmiss konar samkvæmi utandyra. Vagninn er þá dreginn með bíl á staðinn og þar þarf að vera hægt að tengja hann við

rafmagn. Vagninn er fallegur og því prýði að honum í öllum samkvæmum og hátíðum utandyra og nærvera hans skapar skemmtilega stemningu. Kínversku soðbrauðin með hinum ljúffengu fyllingum þykja líka afar bragðgóð og gestir í útisamkvæmum eða á útihátíðum kunna vel að meta að fá slíkan mat ferskan, lagaðan á staðnum.

Til að panta Bao Bun-vagninn eða fá nánari upplýsingar er gott að hringja í Skúla Craft Bar í síma 519-6455, senda skilaboð á netfangið info@skulicraftbar.is eða senda skilaboð á Facebook-síðunni Skúli Bao Bun.







SÆGREIFINN GEIRSGÖTU:

# Humarsúpa og fiskréttir – hlýlegt og heimilislegt andrúmsloft

**Á** Geirsgötu 8 við Höfnina í Reykjavík hvílir eitt af leyndarmálum miðborgarinnar: Sægreifinn, heimilislegur veitingastaður sem byggir á persónulegri þjónustu og gömlum hefðum.

„Staðurinn var opnaður árið 2003 af Kjartani Halldórssyni og Herði Guðmannssyni og byrjuðu þeir þar með flotta fiskbúð og ætluðu aldrei í veitingarekstur,” segir Elísabet Jean Skúladóttir framkvæmdastjóri sem á staðinn ásamt manni sínum Daða Steini Sigurðssyni.

Kjartan og Hörður vildu halda í gamlar hefðir, síðan fóru að koma til þeirra ferðamenn sem höfðu farið í sjóstöng og báðu um að fiskurinn yrði flakadur og eldaður. „Þannig að Kjartan fór og keypti grill, setti út á pall og grillaði fyrir fólkið gegn vægu gjaldi. Síðan fékk Kjartan þau tilmæli að hann mætti þetta ekki, þá færði hann grillið inn og fór að kaupa fisk sjálfur og grilla.

Í framhaldinu var hann spurður hvort hann væri með súpu og hann fór þá að bjóða upp á hana. Síðan vatt þetta upp á sig smátt og smátt. Þegar ég byrjaði hér árið 2005, þá vorum við tvær á vakt, en í dag erum

við átta. Þeir félagar, Kjartan og Hörður, voru alveg einstakir og vildu gera allt sjálfir. Sem dæmi má nefna að þeir keyrðu alltaf sjálfir í Vífilfell að sækja gosið, þar til ég byrjaði hér og benti þeim á að hægt væri að panta og fá sent.”

Elísabet og Daði keyptu staðinn árið 2011 af Kjartani, en Hörður hafði þá nokkra áður selt sinn hlut til Kjartans. „Kjartan lést fyrir þremur árum og Hörður í fyrra. Ég lofaði Kjartani á dánarbeðinum að ég myndi ekki breyta neinu, ég hef bætt við, en engu breytt og ég mun standa við það.”

## Humarsúpan aðalsmerki Sægreifans

Á Sægreifanum er eins og nafnið gefur til kynna boðið upp á fiskrétti. „Humarsúpan er okkar aðaleinkenni, hún hefur breyst í gegnum tíðina og er í dag bæði glúten- og laktósafrí. Hrefnan er líka vinsæl, en alltaf umdeild. Við erum með grilluð fiskspjót og þau eru líka mjög vinsæl, við erum með sjö tegundir og á hverju spjóti eru um 300 grömm. Einnig er hægt að fá hliðardiska: kartöflur, grænmetisbuff og grillað grænmeti á spjóti. Dessertinn búum við líka til sjálf, þetta er skyrdessert með súkkulaðikexi, hafrakexi og sultu ofan á.

Hvað gamlar hefðir varðar þá bjóðum við upp á hákarl og frá lok september út maí erum við með siginn fisk annan hvern þriðjudag í mánuði með öllu tilheyrandi; selspik, hamsatólg, kartöflur og svo grjóna-graut í eftirrétt eða Steingrím eins og

gamli kallaði hann. Fyrsta laugardag hvers mánaðar bjóðum við svo upp á skötu og í desember bjóðum við hana í tíu daga fyrir jól.

Mörgum hefðum fer fækkandi þar sem eldri kynslóðir hverfa og þær yngri halda ekki í hefðirnar. Ég hafði til dæmis aldrei smakkað skötu né siginn fisk fyrr en ég byrjaði hér. Ég sé ekki eftir því að hafa smakkað því þetta er lostæti og ættu allir að prófa.

Ég er búin að læra margt síðan ég byrjaði hér vegna þess að hér hefur svo margt eldra fólk setið og spjallað við Kjartan og Hörð. Þau eru uppfull af visku og ótrúlega gaman að hlusta á samræður þeirra,” segir Elísabet Jean. Sægreifinn leitast við að halda verðinu niðri og við allra hæfi og meðal annars má fá þriggja rétta matseðil á 4.330 krónur.

## Heimilislegt andrúmsloft þar sem ekkert er í stíl

Staðurinn er á tveimur hæðum, efri hæðinni var bætt við árið 2005. upphaflega var lokað á milli salanna tveggja á neðri hæðinni og gengið upp á efri hæðina hinum megin við húsið. Nú er allt opið á milli, efri hæðin tekur 25 manns í sæti og neðri hæðin álíka marga. Þegar stærri hópur kemur þá getur hann setið sér á efri hæðinni og einstaklingar á þeirri neðri (eða öfugt). Einnig eru sæti úti beggja vegna hússins.

Staðurinn sjálfur er einstakur, eins og eigendur hans.

Þar ríkir góð stemning og hlýlegt og heimilislegt andrúmsloft þar sem úir og grúir af af alls konar innanstokksmunum, sem minna á fiskinn, sjóinn og nálægðina við hann. „Kjartan fór oft í

Hjálpræðisherinn og kom til baka með alls konar dót, einnig höfum við fengið gjafir frá viðskiptavinum og vinum, ég hef líka komið hingað með dót sem amma mín og afi áttu. Hér er ekkert í stíl, en heimilislegt.”

Á staðnum er barnaherbergi, þar sem hvorki er sjónvarp né önnur raf-tæki og ekki er hægt að komast í wifi á Sægreifanum. Elísabet segir nokkra reka upp stór augu, en almennt séu gestir mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag og tala bara saman um leið og þeir njóta veitinganna.

„Við erum með dásamlegt starfsfólk, hér er sterkur og stór kjarni sem hefur starfað hér í mörg ár.”

*Sægreifinn er opin alla daga frá kl. 11.30–22.*

*Hann er að Geirsgötu 8, 101 Reykjavík, síminn er 553-1500 og netfangið er saebaron8@gmail.com.*

*Heimasíða Sægreifans.*





BÓKSALA STÚDENTA:

# Lifandi og skemmtilegt samfélag fyrir alla, stúdentana sem aðra

**B**óksala stúdenta er staðsett í hjarta háskólasamfélagsins, á Háskólatorgi, sem er við hlið aðalbyggingar Háskóla Íslands. Þangað sækir fjölbreyttur hópur fólks, stúdentar, starfsfólk HÍ, nágrennar og margir aðrir, enda torgið öllum opið og þar lífleg og skemmtileg stemning alla daga.

„Við skilgreinum okkur sem Bók-sölu allra stúdenta, þjónustum alla nemendur og útvegum bækur og önnur námsgögn fyrir nemendur allra háskóla á Íslandi,“ segir Óttarr Proppé verslunarstjóri. „Sumir telja vegna nafnsins að við séum eingöngu bók-sala fyrir HÍ, en svo er ekki, við erum fyrir alla.“

„Það sem mér finnst skemmtilegast við Bók-sölu stúdenta er hvað hún þjónustar samfélagið á margan hátt, bæði háskólasamfélagið, alla námsmenn, þá sem búa í nágrenninu og almennt þá sem hafa áhuga á bókum,“ segir Óttarr. „Það er góð og skemmtileg stemning hjá okkur, eins og við viljum hafa það, alls konar fólk, bækur, leikföng, ritföng og hvaðeina, og bókakaffið okkar er falið leyndarmál,“ bætir hann við, en Bókakaffi stúdenta er í samstarfi við Te & Kaffi og með vörur og vélar frá þeim.

Hjá Bók-sölu stúdenta fást ritföng og skólavörur fyrir öll skólastig, og alls konar bækur, bæði fræðibækur og almennar bækur, en að sögn Óttars eru um 12–15 þúsund titlar til í versluninni hverju sinni. Fáist bókin ekki í versluninni má nýta sér pöntun-arpjónustuna.

„Við erum með öflugum sérpöntun-arpjónustu og getum útvegað flestar fánlegar bækur,“ segir Óttarr, en sú þjónusta er vinsæl og vex sífellt, enda býr bóksalan yfir öflugum vef og góðum tengslum við innlenda og erlenda útgefendur og forlög. „Áherslan er að við viljum þjónusta alla og útvega allar bækur sem óskað er eftir með sérstakri áherslu á fræðibækur.

Þessa dagana er allt að fara af stað, fólk á öllum aldri að byrja aftur í námi, sumir í fyrsta sinn og aðrir að koma aftur eftir mislanga fjarveru,“ segir Óttarr. „Þetta er skemmtilegur og lifandi tími, maður skynjar eftirvæntingu og það er mikið að gerast



enda nýtt tímabil að hefjast. Það er gaman að vera þátttakandi í því.“

Bók-sala stúdenta er með útibú í Háskólanum í Reykjavík við upphaf skólaárs og einnig eru bókalistar háskólanna komnir á vef Bók-sölnunnar. „Við finnum að fólk er að komast í girinn, byrjað að undirbúa sig fyrir veturinn og við erum tilbúin til að taka á móti því.“

Bók-sala stúdenta er á Háskólatorgi, Sæmundargötu 4. Síminn er 570-0777 og netfangið boksala@boksala.is. Opið er virka daga frá kl. 9–18, en alltaf er opið í vefversluninni á boksala.is





VERSLUNIN MÓÐURÁST Á SÉR MERKA FORSÖGU:

# Hugsjón og frumkvöðlastarfsemi

**V**erslunin Móðurást á sér merkilega forsögu en eigandinn, Guðrún Jónasdóttir, hóf árið 1992 að kaupa brjóstadælar og leigja þær út. „Ég eignaðist fyrirbura 1987 og upp úr því stofnuðum við nokkur stuðningshóp fyrir fyrirburaforeldra og þá áttaði ég mig á því að þetta vantaði. Ég fór því að kaupa mjaltavélar dýrum dómum og leigja þær út,” segir Guðrún.

Hér var því um sannkallaða frumkvöðlastarfsemi að ræða sem rekin var af hugsjón. „Svona var enginn að gera á Íslandi og ég gerði mér fljótt grein fyrir því að það vantaði mikið upp á þjónustuna við mæður nýfæddra barna.”

Starfsemin tók smám saman að vaxa og breikka og Guðrún fór að selja ýmsan skyldan varning. Fyrst var hún bara með þetta heima hjá sér en árið 2002 stofnaði hún verslunina Móðurást sem í dag er bæði verslun á Laugavegi 178 og vefverslun.

„Ég leigi áfram mjaltavélar og einnig leigi ég út ungbarnavogir sem koma sér vel til dæmis hvað varðar fyrirbura því þeir eru útskrifaðir fyrir en áður var. Ég veiti líka brjóstgjafarráðgjöf fyrir konur sem þurfa á slíku að halda en ég er menntaður brjóstgjafarráðgjafi,” segir Guðrún.

„Sérhæfing mín felst í þessu ásamt því að ég sel allt sem snertir brjóstgjöf, allt sem gæti þurft við mismunandi aðstæður við brjóstgjöf,” segir Guðrún en auk þess eru seldar ýmsar barnavörur í Móðurást, föt, ungbarnaleikföng og Silver Cross barnavagnar og kerrur, svo eitthvað sé nefnt.

Guðrún segir að starfið sér mjög gefandi og hún sé lánsöm að fá að starfa við áhugamál sitt og hugsjón, ekki séu allir svo heppnir.

Sem fyrr segir er verslunin staðsett á Laugavegi 178, við hliðina á gamla útvarphúsinu. Vefverslunin er á slóðinni modurast.is. Sumar vörur eru eingöngu til sölu í vefversluninni en

það er engu að síður hægt að sækja þær í verslunina. Margir viðskiptavinir skoða vörurnar vandlega á vefnum en koma síðan í verslunina til að skoða betur og fá ráðgjöf.


Verslunin á Laugaveginum er opin mánudaga–föstudaga frá kl. 11 til 18 og laugardaga frá 12 til 16. Símanúmer er 564 1451 og netfang modurast@modurast.is.





# Den Danske Kro

Kro-Bodega-Pub



\* HAPPY HOUR FRÁ 16-19 ALLA DAGA \*

\* LIFANDI TÓNLIST ÖLL KVÖLD \*



Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík 552-0070 [facebook.com/dendanske.kro](https://facebook.com/dendanske.kro)

# ERTU AÐ FLYTJA? VANTAR ÞIG SENDIBÍL?



Þú leigir hjá okkur sendibíl  
í stærð sem hentar fyrir þig, með  
eða án lyftu, og keyrir sjálfur.

**Hafðu samband í síma  
566 5030 – Cargobilar.is**

**CARGO**  
sendibíla-leiga

**566 5030**  
[www.cargobilar.is](http://www.cargobilar.is)

# LITLIR MENN BIRTAÐ Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR

## Fyrirmyndin frá Bretlandi

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Vegfarendur í miðbæ Reykjavíkur hafa hugsanlega tekið eftir leikfangafígúrum sem dreift hefur verið víðs vegar. Þetta eru ekki leikfangafígúrir sem barn hefur misst eða skilið eftir á götunni heldur hefur þeim verið vandlega stillt upp, á umferðarskiltum, auglýsingaskiltum, dyrakörmum, umferðarljósum, eftirlitsmyndavélum og í rauninni hvar sem hægt er að koma þeim fyrir og láta þær standa uppréttar.

Ljósmyndari DV rakst á fjölda þessara figúra í miðbænum og má þar nefna tindáta, kúreka, ófreskjur, prinsessur, Pony-hesta, seiðskrattra, vélmenni, geimverur, dverga og gríska hálfguðinn Herkúles úr samnefndri Disney-teiknimynd.





Uppsetning figúranna er vafalaust ekki grín heldur háalvarlegur listgjörningur með boðskap en óvíst er hver stendur á bak við „sýninguna.“ Erlendis hefur verið í gangi verkefni síðan árið 2006 sem nefnist Little People og snýst það um að skilja eftir litlar figúrir í almannarýminu. Listamaðurinn kallar sig Slinkachu og er 38 ára gamall Breti. Að sögn Slinkachu er tilgangurinn að gera íbúa stórborga meðvitaða um umhverfi



Verk eftir breska götu-listamanninn Slinkachu



sitt og sýna þann einmanaleika sem getur fylgt því að búa innan um milljónir manna. Ljóst er að Slinkachu sjálfur hefur ekki verið að verki í Reykjavík því hans verk eru umtalsvert þróaðri og meira lagt í þau en hjá íslensku eftirhermunni. ■



## Nett fjölnotataeki

### MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON



Engar  
flækjur  
ekkert  
vesen



# Wrapmaster

## Vefjumeistarinn



- KLIPPIR ÁLFILMUR OG PLAST
- 35% SPARNAÐUR
- ÓDÝRARI ÁFYLLINGAR
- MÁ SETJA Í UPPÞVOTTAVÉL
- AFAR AUÐVELT Í NOTKUN

Fæst í FK, Hagkaupum, Byko, Nettó, Krónunni og Húsasmiðjunni

UMBOÐSADILI



**DANCO**  
HEILDVERSLUN  
[WWW.DANCO.IS](http://WWW.DANCO.IS)

# Kláraði stúdentinn og tókur á sama tíma

**Elín Sif Halldórsdóttir** bíður spennt eftir frumsýningu kvikmyndarinnar *Lof mér að falla*. Þar fer hún með hlutverk Magneu, fimmtán ára stúlku sem flækist í veröld fíkniefna og undirheima. Þetta hlutverk hefur reynst Elínu gríðarleg áskorun og þætti henni einna vænst um að afi hennar sæi ekki lokaafraksturinn. Blaðamaður DV ræddi við Elínu um áhugasvið hennar, brautina fram undan, erfiðar raunir og hvar hjartað liggur hjá ungru listakonu með allan heiminn og ferilinn frammi fyrir sér.

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



**A**rið 2015 lenti Elín í 3. sæti í Söngvakeppni Sjónvarpsins með laginu *Í kvöld*, en textann og lagið samdi hún sjálf. Síðan þá hefur hún meðal annars unnið Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2016 ásamt hljómsveitinni Náttsólf.

Einnig gaf hún út lag í sumar sem ber heitið *Make You Feel Better* og í september verður sannsögulega dramað *Lof mér að falla* frumsýnt. Myndin er úr smíðju Baldvins Z og fer Elín þar með annað burðarhlutverkið, sem er jafnframt fyrsta kvikmyndahlutverk hennar. Fyrir hafði hún sést í heimilda-

myndinni *Out of Thin Air*, um Geirfinnsmálið, ásamt þriðju seríu sjónvarpsþáttarins *Rétti*, sem Baldvin Z kom einnig að.

„Ég ætlaði bara að fara af fullu afli í tónlistarbransann, en stundum fer lífið í aðrar áttir en maður býst við. Ekki að ég sé að kvarta, en það var klárlega mjög óvænt að detta í leiklistina,“ segir Elín og

rekur söguna af því krefjandi verkefni sem hennar beidd, en það er heimur hinnar saklausu en áhrifagjörnun Magneu.


#### Gerði ráð fyrir misskilningi

Í kvikmyndinni kynnist Magnea hinni átján ára Stellu og þrjár sterkar tilfinningar til hennar. Stella sér hrifningu hennar og

sakleysi sem kjörna leið til þess að notfæra sér hana. Þá leiðir hún Magneu inn í grimman heim fíknarinnar hvaðan sem ekki er víst að verði aftur snúið. Myndin markar jafnframt fyrsta leikhlutverk Eyrúnar Bjarkar Jakobsdóttur, sem túlkar Stellu.

„Baldvin henti okkur Eyrúnu alveg á kaf í djúpu laugina, til að





MYNDHANNA

tækifæri sem hún var í fyrstu ekki viss um hvernig ætti að taka.

„Þegar ég var kölluð í þessar prufur, hélt ég að sumir væru bara eitthvað klikkaðir að fá mig inn. Ég hafði ekki leikið neitt og bjóst alltaf við einhverjum stórum misskilningi. Ég hafði aldrei fengið neina leiklistarþjálfun eða neitt slíkt,“ segir Elín, en á þeim tíma vöknudu smám saman hjá henni grunsemdir um að rullan í Rétti hafi verið til þess að „testa“ hana. „Hann sagðist vera með kvikmynd á teikniborðinu sem ég myndi að öllum líkindum fá prufu fyrir. Svo hefur þetta gengið upp einhvern veginn.“

**Fíknin sigrar allt**

Í viðtali við Fréttablaðið segir Baldvin Z að markmiðið með Lof mér að falla hafi verið að skapa raunsæja tilfinningu sem fylgir því að vera aðstandandi fíkilis. „Það eru svo mikil vonbrigði og sorg í kringum þetta. Maður fer að spyrja sig: Hvað með foreldrana?“ segir Baldvin.

„Það er mjög áhugavert að reyna að skilja þann part, með fjölskyldutengslin. Sumir hugsa kannski: „Hvernig gastu leyft barninu þínu að fara þangað?“ En það er ekki spurningin. Spurningin er: Hvernig ætlaðu að bjarga barninu þegar það er komið þangað? Þetta er algjörlega ekki í þínum höndum. Fíknin er eitt sterkasta niðurbrotsaflíð sem við höfum. Hún sigrar allt. Þú verður svo eingingjarn þegar þú ert í fíkninni, tilbúinn að fórna öllu fyrir alla. Ástin er einnig gríðarlega sterkt afl sem er á hinum pólnum, en þetta er saga um það þegar fíknin sigrar ástina.“

Leikstjórinn segir að foreldrar leikaranna hafi eðlilega spurt sig: „Af hverju ertu að segja svona sögur?“ og því svaraði hann einfaldlega: „Af hverju ekki?“

Spurð að því hvort hún kvíði því að sýna foreldrum sínum myndina svarar Elín neitandi. „Mamma og



segir Elín aðspurð hvernig viðbrögð hennar hafi verið þegar henni bauðst hlutverk Magneu. „En fyrir mig, þegar ég var að hugsa mig um, hvort ég ætti að þiggja hlutverkið, þá komu báðar raddirnar; já, þetta verður rosalega erfitt og

ég er að fara að setja mitt andlit og minn líkama í Magneu í risastórri bíómynd. Slíkt er ekkert grín, enda er maður að fórna andliti sínu í einhvern tíma.

En á hinn bóginn var önnur rödd sem hugsaði: ég er aldrei að fara að afþakka þetta hlutverk. Mig langaði of mikið til þess að gera þetta. Það hjálpaði líka til hversu vel er talað um Baldvin og meira að segja var fullyrt við móður mína að ég væri í öruggum og góðum höndum hjá honum. Hún þurfti ekki að hafa miklar áhyggjur.“

Elín segir að það hafi einnig hjálpað gríðarlega að hafa Eyrúnu að, ekki síst vegna þess að hún hafði ekki heldur unnið við kvikmynd í fullri lengd eða tekið að sér svona stórt hlutverk. „Við áttum yfirleitt svip að erfiðar senur og gengum í gegnum þetta allt mjög samstíga. Við gátum alltaf leitað til hvor annarrar, það þótti mér mjög dýrmætt. Við munum alltaf eiga þetta mjög stóra verkefni saman. Þessa reynslu og minningarnar.“

pabbi lásu bæði handritið og í allra erfiðustu senunum var mamma með mér á setti. Þau verða bara að eiga það við sig ef þeim finnst erfitt að horfa á hana, en ég held að þau viti alveg við hverju er að búast. En hins vegar er ég búin að segja afa mínum að hann fái ekki að sjá hana,“ segir hún og hlær.

**Raddirnar í hausnum**

„Ég held að það sé gaman fyrir alla leikara að fá eitthvað krefjandi,“

reyna að skilja þennan heim sem einkennir fíkilinn,“ segir Elín um undirbúningsferlið. „Við lásum margar átakanlegar reynslusögur fólks og töluðum við margar stúlkur sem höfðu verið í neyslu eða þekktu einhvern. Það var hátt í ár sem fór bara í að skilja um hvað myndin var og hvernig við ættum að nálgast þetta. Við höfðum aldrei

leikið í heilli bíómynd og fyrir okkur tvær virkaði þetta mjög langsótt verkefni í byrjun. Við höfðum enga þekkingu á þessu fyrir.“

Leið Elínar að leiklistinni kom, að hennar sögn, í gegnum tónlistina. Baldvin Z hafði tekið eftir henni í Söngvakeppninni og fengið hana fyrir sjónvarpsþættina Rétt strax í kjölfarið, en þarna kom

## „Það talar meira til mín þegar eitthvað kemur beint frá hjartanu



MYNDHANNA

### „Svo farið þið í sleik núna, er það ekki í lagi?“

Samkvæmt tímalínunni var Elín ráðin á undan Eyrúnu, en hún segir að það hafi verið til þess að persónan Magnea gæti verið viðstödd hjá öllum þeim sem sóttust eftir hlutverki Stellu.

„Ég sat inni á öllum þeim prufum, til þess að geta skoðað kemistríuna á milli mín og tilvonandi Stellunnar. Baldvin vildi ekki ráða neina leikkonu í þetta sem mér hefði ekki fundist 100% þægilegt

að vera í kringum. Hann sá eitthvað í Eyrúnu Björk sem honum fannst vera svipað mínu viðhorfi, útliti og eða hvernig ég tjái mig. Hann sá eitthvað sameiginlegt þarna,“ segir Elín.

Þegar Eyrún gekk fyrst inn í prufu kannaðist Elín samstundis við hana. Þær voru saman í grunnskóla og Eyrún er ári yngri, þrátt fyrir að persónan í myndinni sé þremur árum eldri en Magnea.

„Það var allt mjög magnað þegar hún kom í prufuna og svo

sagði Baldvin mjög vingjarnlega: Já, svo farið þið núna í sleik, er það ekki í lagi?“ En það var bara fallett,“ segir Elín hress.

Jafnframt tekur Elín fram að heilmikið traust ríki á setti á milli leikstjórans og leikara hans. „Hér höfum við Baldvin, mann á fimmtugsaldri, en mér leið oft og tíðum eins og hann væri jafnaldri minn. Það er ekki lítil orka í honum og þú getur talað við hann um allt og hann er alltaf tilbúinn að ræða um allt í þaula áður en þú mætir á

sett. Þú veist alltaf við hverju þarf að búast,“ segir hún.

„Ég hef reyndar ekki unnið með mörgum leikstjórum en miðað við það sem ég hef heyrt get ég skrifað undir að það er aldrei óþægilegt að vera með honum á setti. Mér fannst ég líka alltaf vita hvað hann vildi fá frá mér og út úr myndinni. Manni leið aldrei eins og einhverjum illa gerðum aukahlut á settinu, heldur fengum við að vera með í sköpunarferlinu.“

### Skvísutímabil og stælar

Elín segir leikstjóran hafa útbúið mikið af Spotify-lagalistum til þess að hvetja leikara sína áfram og koma þeim í rétt hugarfar. Einhver af þeim lögum eru notuð í lokaútgáfu myndarinnar en leikkonan vill einnig meina að þetta hafi verið gert til þess að sýna hvar Magnea væri stödd í lífinu. Í kvikmyndagerð er fátt sjálfsgaðara en að senur og kaflar séu teknir upp í ólínulegri tímaröð og það ferli þurfti ákveðna aðlögun.

„Við Eyrún bjuggum til okkar eigin „playlista“ til þess að tíma-setja okkur alltaf betur og vita á hvaða tímabili við værum staddir, en í myndinni eru í kringum fjögur eða fimm mismunandi skeið sem við sjáum í lífi persónunnar. Þetta eru líka allt afar ólík tímabil,“ segir Elín.

„Maður fékk hárkollu og allt öðruvísi farða fyrir hvern kafla. Það er eitt ákveðið skvísutímabil sem hún tekur, svona hálfgerð skinkutímabil, og svo um leið og það „lúkk“ var sett á mig þá var ég komin í gírinn. Þá var ég komin með stæla og leið eins og ég ætti heiminn og allt saman,“ segir hún kát.

Spurð að því hvernig einstaklingur Elín er, blæs hún það af að vera svokölluð skvísa og lýsir sér sem mjög listrænni típu, með mikla sköpunarþrá sem og þorsta fyrir sköpunarferli eins og það leggur sig. „Ef ég missi eitt-

hvert eitt verkefni úr höndunum þá þarf ég að finna mér annað,“ segir hún og segist enn vera með áætlun um að sinna tónlistinni og tónsmíðum, þennan vetur sérstaklega.

### Hvatning í keyrslunni

„Ég er mjög veik fyrir indí-tónlist og sérstaklega fólki sem gerir mikið úr einhverju minimalísku. Einlægt fólk með kannski eitt-hvert hljóðfæri og syngur um eitthvað sem er alvöru og reynir ekki að semja einhverja formúlu sem auðvelt er að hlusta á,“ bætir hún við. „Það talar meira til mín þegar eitthvað kemur beint frá hjartanu. Ég skil fullkomlega þegar fólk semur lög til þess að gera þau grípandi, fjörug eða fyrir útvarp, en það er bara allt annar heimur og hentar mér ekki eins mikið eins og er.“

Í upptalningu á áhugamálum sínum segist Elín hafa fengið þá spurningu hvaða ástríðu hún hafi sem tengist hvorki leiklist né tónlist, en svarið við því var einfalt. „Það eru engin áhugamál sem ég hef út fyrir þessi svið,“ segir hún og tekur fram að ein ástæða þess að fara af fullum krafti í tónlistina aftur sé ekki eingöngu vegna tókutímabilsins, heldur lauk hún stúdentinum á sama ári frá Menntaskólanum í Hamrahlíð.

„Ég kláraði tókur á sama tíma og ég kláraði menntaskólann. Þetta lokaár, með undirbúningi, tókum og útskriftarönninni, var svo sannarlega áskorun og erfitt, en það gekk eins og í sögu,“ segir hún. „Ég held líka að settið og tókuvinnan hafi bara náð að efla mig meira í náminu og hvatt mig áfram. Það vekur mann alveg til lífsins að vera hluti af skapandi vinnu. Og í svona keyrslu þýðir ekkert annað en að harka af sér. Ef maður vill fylgja draumunum sínum þýðir ekkert annað en að gefa sig í öll hundrad prósentin. Það er bara þannig.“ ■

## LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



## Sjálstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

**Verifone**®

Greiðslulausnir tengdar  
helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

# Castello

PIZZERIA



ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333

[WWW.CASTELLO.IS](http://WWW.CASTELLO.IS)

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI

DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

# LADYBOYS OG VÆND

## Bandaríski herinn breytti fiskiporpi í partíborg


Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Taíland er eitt af fjölsóttustu löndum heims en samkvæmt nýjustu tölum koma þangað um 33 milljónir árlega. Vöxturinn þar er einnig hraðari en víðast hvar annars staðar. Einn vinsælasti staðurinn til að heimsækja er strandborgin Pattaya í Taílandsflóa en hún var einungis lítið sjávarþorp áður en bandarískir hermenn hófu að venja komur sínar þangað á árum Víetnamstríðsins. Vændi er stór iðnaður í Taílandi og sérstaklega í Pattaya. Bæði eru þar starfandi vændiskonur og svokallaðar ladyboys en í Taílandi er meira umburðarlyndi fyrir þeim en víðast hvar annars staðar í Asíu og heiminum öllum.

Höfuðborgin Bangkok er orðin að miðpunkti flugsamgangna í Asíu og mikill fjöldi fer þar í gegn. Nota margir ferðamenn tækifærið og eyða nokkrum dögum þar á leið sinni annað í Asíu. Í borginni eru þrjú hverfi sem eru undirlögð kynlífsiðnaðinum en annars staðar í borginni er hann ekki vel sýnilegur.

Meðal þeirra sem stunda vændi eru ladyboys en sú menning er bæði sterk og útbreidd í landinu. Ein af ástæðunum fyrir því á sér rætur í trúnni en meirihluti landsmanna er búddatrúar. Í Taílandi eru ladyboys kallaðar kathoey, sem er tvíkyngert tákn tengt búddisminum. Því er umburðarlyndið



gagnvart ladyboys meira en víðast annars staðar. Þetta er einnig tengt endurholdgun því Taílendingar telja að ef karl er vondur við eiginkonu sína og börn þá fæðist hann sem kathoey í næsta lífi. Það er þó langt því frá að ladyboys séu settar á stall, frekar lítið niður á þær og dæmi um að fjölskyldur hafi útskýfað þeim.

### Ekki óvenjulegt að giftar húsmæður stundi vændi

Ladyboys eru ekki endilega allar transkonur og margar þeirra líta á sig sem hluta af „þriðja kyninu“, hálfgerðan karl eða hálfgerða konu. En hjá sumum er þetta einungis viðskiptamódel til að skapa sér lífsviðurværi, til dæmis með því að koma fram í kabarettýningum. Í Taílandi

er það gríðarlega mikilvægt atriði að skaffa og sjá fjölskyldu sinni farborða. Ef ladyboy getur framfleytt fjölskyldunni með þessu, þá er það umborið. En þó finnst sumum Taílendingum það niðurlægjandi og skammast sín fyrir að eiga fjölskyldumeðlim sem fellur ekki inn í hið hefðbundna form.

Fyrir karlmenn að ganga inn í þennan heim og gerast ladyboys fylgir ákveðin ábyrgð því í raun eru þeir að ganga inn í heim kvenna sem sjá um upphald fjölskyldunnar. Konur halda taílensku samfélagi gangandi en karlmennirnir hafa minni ábyrgð.

Í Taílandi er það ekki óvenjulegt að giftar konur, kannski með tvö börn, stundi vændi til að sjá fyrir heimilinu. Það er umborið og þykir ekki niðrandi sem slíkt eins og á Vesturlöndum. Þetta er aðferð til að útvega fé fyrir heimilið en vitaskuld kemur upp óánægja og árekstrar.

### Gylliboð og misheppnaðar aðgerðir

Ladyboys þykja almennt lífs-glaðar og hafa mikinn húmor fyrir sjálfum sér. Sérstaklega hafa þær gaman af því að daðra við Vesturlandabúa, sem nefnast farang á taílensku, og flestar þykja þær nokkuð góðar í ensku. Lady-



next  
KRINGLUNNI  
S: 556 1200



Pattaya í dag



# VÆNDISKONUR Í PATTAYA

boys sem stunda vændi eru um margt öðruvísi hópur en vændiskonur því að þær eru frekar áhyggjulaugar og frjálstar og ekki með mann og börn á bakinu.

Líf ladyboys er þó sannarlega ekki dans á rósum og þær þurfa að kljást við miklar áskoranir. Sérstaklega í tengslum við ýmsar aðgerðir sem framkvæmdar eru af oft vafasömum aðilum. Þessar aðgerðir eru dýrar og erfitt að fylgja þeim eftir. Þær eru stanslaust að dæla í sig bótoxi og alls kyns efnunum sem eiga að laga hitt og þetta. Slíkon er of dýrt fyrir þær og sumar af þeim eru búnar að fara illa með líkama sinn, rass, brjóst og fleira, út af þessu. Í Taílandi eru aðgerðirnar stór markaður og alls kyns skottulæknar sem bjóða ódýrari aðgerðir sem reynast illa.

## Bandaríski herinn breytti Pattaya í partíborg



Strandborgin Pattaya er vel þekkt og jafnvel alræmd fyrir skemmtanálífið. Pattaya var smáþorp þar til bandarískir hermenn af stöðinni U-Tapao hófu að venja þangað komur sínar á árum

Víetnamstríðsins. Þegar stríðinu lauk hélt Pattaya áfram að þróast sem skemmtanaborg og er þekkt fyrir vændi. En þrátt fyrir orðspor tengt vændi, eiturlýfjaneyslu og öðrum saurlífnaði þá þykir mörgum sem koma þangað það furðulega lítið áberandi. En þar er mikið umburðarlyndi gagnvart vændi og krafa um að það sé stundað, bæði frá kaupendum og seljendum.

Ladyboys sem stunda vændi hafa miklu meira upp úr því en að vinna almenn störf eins og til dæmis í verslunum. Yngri vændiskonur eru hins vegar oft í einu eða tveimur störfum á daginn og selja sig svo um kvöldið og fram á nótt. Auk þess þurfa þær að sinna heimilinu.

Flestir sem stunda vændi eru á aldrinum 18 til 25 ára. Um þrítugt minnkar eftirspurnin eftir þeim nema í einstökum tilvikum. Margar lenda þá í mikilli krísu og verða alkóhólistar að bráð. Margar starfa á börum sem barstúlkur og sumar þeirra eldri vinna sig upp í að vera nokkurs konar yfirmenn eða maddömur hinna. Það er þó mikill minnihluti. Aðrir staðir sem vændi er mikið stundað á eru nuddstofur, karóíkistadir og sérstök vændishús.

Barnavændi fyrirfinnst í Pattaya og annars staðar í Taílandi en það er lítið mjög alvarlegum augum af yfirvöldum ef menn eru gripnir við að stunda samræði við börn undir 18 ára aldri. Upp



undan fæti hjá þeim, farið er að síga á nóttina og enginn kúnni sjáanlegur þá taka þær oft þessum boðum.

Íslendingar hafa stundað það að fara til Taílands í þessum erindagjörðum, oft þeir sem eiga við vandamál á borð við alkóhólistar að stríða og einmana karlmenn sem eru komnir vel á fullorðinsár. Sumir þeirra eiga við

einhverja fötlun að stríða og þá er ódýrt að lifa í Taílandi. Hægt er að kaupa svokallaða heimilisþjónustu sem er vændi því þar fylgja ýmiss konar greiðar með.

Margar af þessum konum segjast ekki vera vændiskonur heldur aðeins barstelpur, sem hitta menn á börum, búa hjá þeim í nokkra daga, fá pening og vörur fyrir. Margir telja sér trú um að þetta sé einmitt þannig, að þetta sé ekki vændi heldur aðeins „að vera á djamminu“ eða eitthvað slíkt en það er aðeins sjálfsblekking. Þessi tegund af vændi er stunduð undir öðrum formerkjum.

Sumir kúnnar eru kallaðir ATM, hraðbankar, og vændiskonur eiga auðvelt með að sjá sigta þá út. Um þessa ATM-kúnnar myndast oft mikil samkeppni.

### „Hestalyf“ vinsælasta dópið

Í Taílandi er mjög áhættusamt að taka inn eiturlýf því í þau kann að vera blandað alls kyns hættulegum efnun. Eitt vinsælasta dópið í Taílandi er kallað yaba sem er blanda af amfetamíni og koffíni og er annaðhvort gleipt eða hitað og því andað að sér. Yaba merkir á íslensku hestalyf.

Mest af því á rætur sínar að rekja til gullna þríhyrningsins sem nær yfir hluta Búrma, Kína, Laos og Taílands. Víman af yaba er sögð minna á alsælu og þetta er notað mikið af ladyboys. Yaba hefur þó mjög slæm áhrif á þær sem eru á hormónalyfjum fyrir. ■

## Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu hágæða SCHMIDT innréttingar, sérsníðnar að þínum óskum og þörfum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is



# ÞEGAR BORN DREPA

■ Ari myrti tvö sjö ára börn á Akureyri ■ Kastaði þeim í Glerá

Kristjón Kormákur Guðjónsson  
kristjon@dv.is



**K**æra Sólveig og Bjarnheiður. Það sem mig hefur langað að segja er að, já það er rétt að ég átti mjög erfitt sem krakki og já, það hefði átti að grípa inn í mörgum árum fyrr, en það breytir ekki því að ég er ábyrgur fyrir dauða barnanna ykkar. Ég hef aldrei ætlast til þess af neinum að fyrirgefa mér á þeim forsendum að ég hafi átt erfða æsku, heldur frekar á þeim forsendum að ég er betri maður í dag. Að sjálfsögðu var ég ekki að gera mér grein fyrir nákvæmlega hvað ég væri að gera á þessum tíma, en því eldri sem ég varð því meira rann upp fyrir mér

alvarleiki þess.

Þannig hljóðar brot úr opnu bréfi sem Ari sendi Bjarnheiði Ragnarsdóttur og Sólveigu Bragadóttur. Ari var tíu ára þegar hann myrti syni þeirra, þá Hartmann Hermannsson og Bjarnmar Smára Elíasson. Þeir voru sjö ára gamlir þegar hann henti þeim með árs millibili út í Glerá á Akureyri. Þeir drukkuðu báðir í ánni. Áttu þessir hryllilegu atburðir sér stað á árunum 1989 og 1990.

Pressan fjallaði ítarlega um málið árið 2015. Voru viðtöl tekin við Sólveigu og Bjarnheiði. Þá tjáði morðinginn sig sjálfur um voðaverkin. Einnig var rætt við fleiri sem komu að málinu. Gerandinn sem heitir Ari, ekki var



**Drukknun tveggja barna í Glerá á Akureyri fyrir örtáum árum vakti mikinn óhug, en í ljós kom að ekki var um slys að ræða. Pilturinn sem talinn var eiga sök á dauða barnanna reyndist vera hættulegur, bæði sér og umhverfi sínu, og hefur verið haldur í vist**

„Það er að sjálfsögðu skiljanlegt að það sé enn mikil reiði í minn garð og þá sérstaklega frá þér Bjarnheiður

birt fullt nafn, átti síðan eftir að skrifa opið bréf og biðja konurnar afsökunar á að hafa myrt syni þeirra.

**Drengirnir hverfa**

Morðin á Bjarmari og Hartmanni eru einhverjir þeir sorglegustu og óhugnanlegustu atburðir sem átt hafa sér stað á Íslandi í seinni tíð. Bjarnmar druknaði í ánni í byrjun júní 1989. Í fyrstu var gengið út frá því að um slys hefði verið að ræða. Tæpu ári seinna, í apríl 1990, druknaði Hartmann litlu neðar í ánni. Drengirnir voru eins og áður segir báðir sjö ára þegar þeir létust.

Fljótlega eftir seinna dauðfallið vöknudu grunsemdir um að ekki væri allt með felldu og hugsanlega væru tengsl á milli dauðfallanna. Fljótlega beindist grunur að ungum pilti sem vitni höfðu séð nálægt slysstaðnum í bæði skiptin. Gerandinn var tíu og ellefu ára þegar hann henti þeim Bjarmari og Hartmanni út í ána. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir seinna morðið en ungur piltur, Bragi Bragason, var skólafélagi Ara og sagði hann lögreglu að Ari hefði trúað honum fyrir því að hann hefði kastað dreng í Glerá. Bragi var hins vegar vandræðapiltur ef svo má að orði komast og tóku yfirvöld ekki mark á honum.

„Ég ákvað þá að segja þeim frá því sem hann hafði sagt mér, að hann hefði hent Bjarmari í ána. Þá var bara hlegið að því líka. Það var ekki tekið mark á neinu sem ég sagði þarna,“ sagði Bragi.

Akureyri:  
**Lát tveggja barna rannsökuð**  
Rannsókn lögreglunnar á Akureyri vegna drukknunar sjö ára drengs í Glerá á Akureyri hefur beinst að því hvort 11 ára drengur, sem var í fylgd með barninu, hafi getað orðið valdur að slysinu. Ástæða er að sami drengur var einnig í fylgd með barni sem druknaði í ánni í júní í fyrrasumar. Við yfirheyrslur mun drengurinn hafa viðurkennt að hafa valdið því að börnin féllu í ána. Hann er nú til sálfræðimeðferðar sem meðal annars er til að sannreyna framburð drengsins um atvikalýsingu.  
Ólafur Asgeirsson, aðstoðaryfir-lögregluþjónn á Akureyri, staðfesti að rannsókn færi fram en vildi á annan hátt ekki tjá sig um málið.  
-gsc

Ekki var fjallað að ráði opinberlega um þennan skelfilega harmleik svo ægilegur þótti hann. Í Ísland í aldanna rás er atburðarásinni gerð skil. Í byrjun júní árið 1989 fór Bjarnmar ásamt tveimur eldri drengjum niður að ánni. Þar henti Ari Bjarmari í ána. Tæpu ári síðar druknaði Hartmann litlu neðar í Glerá. Enginn vitni voru að þeim harmleik en þó spurðist fljótt út að Hartmann hefði sést með Ara og var viðstaddur þegar Bjarnmar druknaði. Það þótti vart geta verið tilviljun að eldri drengurinn, Ari, hefði tvisvar orðið vitni að drukknun smádrengja af hreinni slysi. Ari var yfirheyrður og viðurkendi að bera ábyrgð á dauða Bjarmars og Hartmanns.

**Ari beittur ofbeldi**

Ari var snemma beittur skelfilegu ofbeldi. Ofbeldið var svo hryllilegt að vart er hægt að setja það á prent. Sjálfur vildi Ari ekki fara í saumana á því þegar hann settist

Sturtuklefar með þaki, sporna gegn raka

Frábært verð og falleg hönnun  
Kíktu á [sturta.is](http://sturta.is) og skoðaðu úrvalið

[sturta.is](http://sturta.is)



Hartmann Hermannsson sonur Sólveigar.

á móti blaðamanni öllum þessum árum síðar.

„Ég sækist ekki eftir vorkunn,“ sagði Ari þegar hann var spurður um uppeldið og misþyrmingarnar sem hann varð fyrir. „Ég varð fyrir mjög grófu líkamlegu og andlegu ofbeldi á heimili mínu og þá sérstaklega af stjúpa mínum. Ofan á það bættist kynferðisleg misnotkun stjúpa míns og fleiri einstaklinga sem í dag hefur enn áhrif á mig. Móðir mín átti sjálf mjög erfitt á þessum tímum og hafði því ekki tök eða getu til þess að styðja mig gegn ofbeldinu.“

Ari fannst oft fáklæddur að næturlagi og ráfandi fjarri heimili sínu. Ástæðan var sú að hann þorði ekki heim til sín. Heima beið stjúpi hans með hnefann á lofti.

**Fannst oft fáklæddur**

Misnotkunin og ofbeldið hófst áður en Ari varð sjö ára. Í frétt Pressunnar frá 1993 segir að hann hafi oftast enn einu sinni fundist að næturlagi fáklæddur og ráfandi talsvert fjarri heimili sínu. Aðspurður hvernig hafi staðið á því svarar hann: „Ég hafði ekki kjark í mér til að fara heim af ótta við barsmíðar.“

Ástandið á heimili fjölskyldunnar var á margra vitorði en yfirvöld brugðust ekki við. Hann var aldrei fjarlægður af heimilinu. Áður hafði ofbeldishneigð hans gagnvart öðrum börnum ratað inn á borð lögreglu og Félagsmálastofnunar. Ekki þótti ástæða til að grípa í taumana.

Ari var sendur til Reykjavíkur og vistaður á barnageðdeild Landspítalans á Dalbraut í tvö og hálf ár. Hann líkti vistinni á Dalbraut við fangelsi. Eftir það var honum komið fyrir á nýstofnuðu vistheimili, Árbót í Aðaldal, skammt frá Húsavík. Heimilinu var sérstaklega komið á fót til að vista Ara. Var heimilið nokkuð einangrað en þrjár kílómetrar voru til næsta bæjar. Þar dvaldi hann til 18 ára aldurs. Á þessum tíma var sjálfræðisaldurinn 16 ár en hann féllst á að vera vistaður á Árbót til 18 ára aldurs. Árbót var rekið af hjónum og komu þau að hans sögn fram við börnin líkt og sín eigin. „Þarna fékk ég í fyrsta sinn eins eðlilegt uppeldi og hlýju eins og hægt var undir þessum kringumstæðum.“ Þegar Ari var 18 ára var gert sálfræðimat á honum. Til verksins var fenginn Gísli Guðjónsson, einn helsti sérfræðingur heimsins á sviði réttarsálfræði. Niðurstaðan var að hann væri ekki hættulegur umhverfi sínu.

„Það hefði átt að grípa inn í fyrr. Það var því miður gert tveimur mannslífum of seint. Með því er ég ekki að afsaka það sem ég



Bjarnar Smári Elíasson.

gerði, það er ekki hægt, en staðreyndin er sú að eftir að ég komst í réttar hendur og farið var að vinna með fortíð mína náði ég smám saman tökum á sjálfum mér,“ sagði Ari.

**Hugsar oft til drengjanna**

Hvernig er að lifa með líf tveggja drengja á samviskunnni?

„Að hafa tvö líf á samviskunnni er mjög erfitt. Það er ekki hægt að lýsa því. Hver sem er náinn mér eða í nánu sambandi við mig þarf að vita sögu mína. Þú getur ímyndað þér hvernig það er fyrir mig að segja fólki sem ég elska að ég hafi drepið börn.“

Í viðtalinu við Pressuna árið 2015 sagðist Ari ekki hafa brotið af sér eftir að hann hélt út í lífið að nýju en fortíðin fylgir honum hvert skref. Hann flutti til Bandaríkjanna í kringum árið 2002. Frá árinu 2008 til 2014 stundaði hann nám sem miðaði að því að aðstoða fólk sem hefur lent í ýmsum áföllum í lífinu, meðal annars heimilis- og kynferðisofbeldi. Sagði hann námið hafa hjálpað honum að takast á við fortíð sína.

„Ég hugsa mjög oft til drengjanna og þess sem ég gerði. Í hvert sinn sem ég les um eða heyrir í fréttum að barn hafi látist fæ ég sting í magann,“ sagði Ari og bætti við: „Ég hugsa um þá í hvert skipti sem einhver talar um móðurást. Það versta sem getur gerst í lífinu er að missa barn, og þegar ég heyrir af dauðsföllum, þá kemur þessi sára minning upp í hugann. Þetta gerist nánast hvern einasta

gefa sjálfum mér. En hvernig get ég ætlast til þess þegar ég get ekki ímyndað mér þann sársauka sem ég olli þeim. Ég hugsa stundum hvort ég muni eignast börn, en partur af mér er hræddur við að ég verði fyrir sömu lífsreynslu. Mér finnst ég eiga skilið að upplifa sömu sorg, þess vegna vil ég ekki eiga börn. [...]

Ég vona að sá tími komi að allir þeir sem ég olli sársauka fyrirgefi mér. Og að sá dagur renni upp að mér takist að fyrirgefa sjálfum mér,“ sagði Ari og bætti við: „Ég mun alltaf þurfa að lifa með því sem ég gerði. Það er mín refsing.“

**Óhollt að dvelja í sorg**

Sólveig Austfjörð Bragadóttir er móðir annars drengsins sem lést, Hartmanns Hermannssonar. Í viðtali við Pressuna var hún spurð hvort atburðurinn kæmi upp í huga hennar dagsdaglega. „Auðvitað sakna ég en ég dvel ekki í sorginni. Ég held að það sé engum hollt að dvelja endalaust í for-



Ólafur Ásgeirsson fyrrverandi aðstoðaryfir-lögregluþjónn á Akureyri stjórnaði leitinni.

tíðinni,“ sagði Sólveig sem á fimm uppkomin börn, þrjá stráka og tvær stelpur.

**ERT ÞÚ AÐ SMÍÐA PALL ?**

Pallinn upp á einfaldari hátt með jarðvegsskrúfum

**ALTAK**

**„Hann kom hingað heim og bað um að fá taka Bjarmar með sér að hitta frænda sinn. Ég sagði honum að hann yrði þá að passa Bjarmar því hann var svo lítill.“**

„Ástæðan fyrir því að ég hef ekki viljað ræða um þessa atburði við fjölmiðla er sú að ég hef viljað vernda hin börnin mín. Og ég tók þá ákvörðun að á meðan ég væri að ala þau upp þá ætlaði ég ekki að aðhafast meira í þessu,“ sagði Sólveig sem veitti Pressunni fyrsta og síðasta viðtalið um þetta átakanlega mál.

Hartmann fæddist árið 1982. Hann var miðjubarnið í systkina-hópnum og var að sögn Sólveigar fyrirferðarmikill frá fyrsta degi. „Ég segi alltaf að ég hafi ekki bara misst eitt barn heldur fjögur. Um leið og hann byrjaði að hreyfa sig og ganga þá þurfti hreinlega að vakta hann. Hann var ör alla daga og gríðarlega orkumikill. Um leið og ég tók augun af honum þá var hann vís til að vera rokinn eitt-hvað í burtu og það var erfitt að segja til um hverju hann myndi taka upp á næst.“

Sólveig kvaðst þakklát fyrir þann tíma sem hún fékk með syni sínum. „Hann var ótrúlega skemmtilegur karakter. Það er svo gaman að hafa fengið að kynnst honum, og svo lærdómsríkt. Og það vantaði svo sannarlega ekki greindina hjá honum þrátt fyrir að hann léti hafa svona mikið fyrir sér. Þegar honum tókst að beina



Bjarnheiður Ragnarsdóttir móðir Bjarmars.

orkunni í rétta átt þá gekk honum mjög vel að læra.“

Hún á minningu sem hún ylj- ar sér við í dag. „Hann var vanur að horfa upp og segja hvað hann langaði mikið til að fara upp í himininn og til stjarnanna. Það er gaman að hugsa um það núna.“

#### Allt í móðu

„Ég man vel eftir þessum degi núna en lengi vel var hann algjör- lega í móðu,“ sagði Sólveig þegar talið barst að deginum sem Hartmann lést. Það var 2. maí 1990. Hartmann var sjö ára. „Ég fæ sím- tal frá skólanum þar sem mér er sagt að Hartmann sé týndur og ég spurð hvort ég viti hvar hann gæti hugsanlega verið. Á þessum

tíma vorum við nýflutt inn í bæ eftir að hafa búið á Keilusiðu. Ég vissi að hann var vís til að stinga af á gamla staðinn þannig að ég fór þangað að leita að honum en fann hann ekki.“

#### Leit berst að Glerá

Eftir því sem leið á daginn tóku fleiri þátt í leitinni sem átti að lok- um eftir að berast að Glerá. Sól- veig rifjar upp þegar hún kom að syni sínum látnum. „Ég keyrði að ánni og sá að þeir voru að slæða. Ég heyrði síðan kallað: „Ég er bú- inn að finna hann!“ Pabbi minn var kominn að ánni á undan mér og bar kennsl á hann. Ég mátti hins vegar ekki sjá hann. Pabbi kom síðan og settist inn í bíl hjá



Sólveig Austfjörð Bragadóttir móðir Hartmanns.

mér og sagði að best væri að við keyrðum heim. Ég sagði við hann að hann þyrfti ekki að segja mér neitt. Ég vissi hvað hefði gerst.“

„Mér leið eins og ég væri í bíó- mynd. Mér leið eins og ég færi út úr líkamanum, stæði þar fyr- ir utan og væri áhorfandi að öllu því sem væri að gerast. Skyndi- lega gerðist allt svo hægt. Ég fraus og fannst ég ekki hafa stjórn á neinu.“

#### Fær að vita seinna hvaða öfl voru að verki

Hartmann var jarðaður tólf dög- um síðar. „Ég held að mannshug- urinn sé þannig að hann skammt- ar okkur eins miklu og hann þolir hverju sinni,“ sagði Sólveig. Hún segist ekki bera kala til drengs- ins. „Ég kenndi þessum strák aldrei um þetta. Ég hef alltaf litið á það þannig að hann hafi fyrst og fremst verið óskaplega veikur. Ég var aldrei reið út í hann. Ég lít svo á að hann hafi fengið sinn dóm.“

Sólveig var ákveðin að láta ekki biturleika og reiði ná tökum á sér. „Ég horfði upp á manneskjur gjör- samlega eyðilagðar af sorg, bitrar og reiðar út í allt og hugsaði: „Nei, svona ætla ég ekki að vera.“ Sól- veig bætti við: „Eftir að Hartmann dó sagði fólk við mig hvað Guð væri vondur að taka hann svona snemma. Ég held að þarna hafi verið fleiri öfl að verki. Ég býst við að fá vita hvaða öfl það eru þegar ég dey. Lífið býður ekki upp á öll svörin. Það eina sem við vitum fyr- ir víst í þessu lífi er að við eigum eftir að deyja.“

#### Síðasta máltíðin var Cheerios og ristað brauð

Bjarnheiður Ragnarsdóttir er móðir móðir Bjarmars Smára Elíassonar. Þegar Pressan ræddi við hana sagði hún erfitt að losna við reiðina og hatrið í garð Ara.

Hún man hvert einasta smá- atriði varðandi daginn sem Bjarmar lést. Hún man hvað hann borðaði þennan dag: Cheerios og ristað brauð.

Hún þekkti til Ara sem seinna um daginn átti eftir að verða syni hennar að bana. Hann var fjórum árum eldri en Bjarmar. „Ég hafði

**„Ég held að þarna hafi verið fleiri öfl að verki. Ég býst við að fá vita hvaða öfl það eru þegar ég dey.“**

einu sinni hitt hann áður. Það var nokkrum vikum áður en þetta gerðist. Hann kom hingað heim og bað um að fá að taka Bjarmar með sér að hitta frænda sinn. Ég sagði honum að hann yrði þá að passa Bjarmar því hann var svo lítill. Hann lofaði öllu fögru og ég man hvað hann leit út fyrir að vera sakleysilegur og meinlaus. Hann var svo saklaus að þú getur ekki ímyndað þér það.“

#### Úrið gekk enn

Þetta var seinasta skiptið sem hún sá son sinn á lífi: „Hann var alltaf svo samviskusamur. Hann tók úrið hans Óla fósturföð- ur síns og setti það á sig. Hann ætlaði að vera viss um að koma heim á réttum tíma,“ rifjaði hún upp. „Þegar hann síðan fannst um nóttina, eftir að hafa verið í ánni í allan þennan tíma, þá gekk úrið enn þá.“ Um kvöldmatar- leytið renndi lögreglubíll í hlað hjá heimilinu. Lögreglumaður til- kynnti fjölskyldunni að Bjarmar hefði dottið í Glerá. Snemma um nóttina bankaði prestur upp á hjá fjölskyldunni. Lík Bjarmars hafði fundist í ánni. „Ég sagði: „Nei, það getur ekki verið. Það hrundi allt á þessu augnabliki. Gjörsamlega.“

Bjarnheiður sá Ara sem myrti son hennar í nokkur skipti eftir að hann losnaði af vistheimilinu. „Nokkrum árum síðar las ég grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið um sveitarstjórnarmál. Ég klippti út myndina af honum og á hana enn þá. Mér var síðan allri lok- ið þegar ég var að horfa á Djúpu

**Happy Life hundafóður á 30% afslætti**



**Happy life**

**15 kg. poki á aðeins 4.029 kr.**

**Fullt verð 5.757 kr.**

**gaeludyr.is**

**www.gaeludyr.is**







# Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli. Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð, husa um umhverfið og henda rusli. Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka, þó það sé ekki okkar rusl.

## Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!



# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu




# SAKAMÁL



**102** ár þurftu að líða áður en Fallon Lynn Talent, frá Maryville í Bandaríkjunum, gæti sótt um reynslausn eftir að hún fékk tvöfaldan lífstíðardóm árið 2004. Dóminn hlaut Fallon fyrir að verða tveimur lögregluþjónum að bana þann 9. júní 2003. Í um viku tíma fyrir þann dag hafði Fallon neytt kókains í miklum mæli og í stolnum bíl reyndi hún að stinga lögregluna af. Fallon var dæmd fyrir morð að yfirlögðu ráði eftir að hafa ekið á lögregluþjónana John Musice og Jerry Mundy með þeim afleiðingum að þeir létust báðir.

# BARN'S MORÐ- INGINN BILLY

Löng vist á dauðadeild  
Billy þurfti að bíða órлага sinna í 30 ár.



■ Billy Ray átti ömurlega bernsku ■ Endalok hans voru á svipuðum nótum

EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &  
UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500



**B**illy Ray var maður nefndur, Irick að ættarnafni. Billy Ray fæddist þann 26. ágúst 1958 í Knoxville í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum. Af bernsku Billy segir ekki margt, en þó er vitað að hún var ekki dans á rósum. Hann ku hafa sætt ofbeldi af hálfu föður síns frá unga aldri. Meðal annars mun nágranni einn hafa séð þegar faðir Billys gekk í skrokk á honum með lurki. Sjálfur sagði Billy að foreldrar hans hefðu oft og tíðum bundið hann og lamið sundur og saman.

#### Sendur í geðmat sex ára

Billy var rétt orðinn sex vetra þegar efasemdir vöknudu um geðheilbrigði hans. Geðmat var framkvæmt á Billy að beiðni skólameistara skóla hans, en þeim manni hugnaðist ekki „ofsafengin hegðunarvandamál“ Billys litla. Niðurstaðan var að hugsanlega hefði Billy glímt við einhvers konar heilaskemmd frá fæðingu.

Eitthvað þurfti að gera og um stutt skeið var Billy vistaður á stofnun fyrir börn sem glímdu við mikið tilfinningarót. Árið 1972, þá þrettán ára, fékk hann að heimsækja foreldra sína og eftir á var engu líkara en hvirfilbylur hefði gengið yfir. Billy réðst til atlögu við sjónvarpið vopnaður öxi, blómabeð voru í henglum og náttföt systur sinnar skar hann í ræmur með rakvélablaði.

#### Vinskapur Kennys og Billys

Árin liðu og nú vindur sögunni til ársins 1983. Þá vann Billy við uppvask á áningarstað vörubifreiðabílstjóra í Knoxville. Þar kynntist Billy Kenny Jeffers, bifvélavirkja sem bjó í smábænum Clinton, ekki langt frá Knoxville.

Með Kenny og Billy tókst vinskapur og þegar fram liðu stundir kynnti Kenny konu sína, Kathy, fyrir Billy. Kenny og Kathy, sem höfðu gengið í hjónaband 1982, ákváðu árið 1984 og bjóða Billy að flytja inn til sín, slíkur var vinskapur þeirra.

Í heimili voru, auk Kennys og Kathyar, fimm þeirra átta barna sem hjónin áttu, sjö barnanna voru tilkomin í fyrri samböndum hjónanna. Saman höfðu Kenny og Kathy eignast barn árið 1983.


#### Heimili Jeffers-hjónanna brennur

Billy hljóp tíðum undir bagga með Jeffers-hjónunum sem oft unnu langa vinnudaga. Billy tók þá að sér að gæta barna þeirra og fer engum sögum af því. Í aprílbyrjun árið 1985 varð heimili fjölskyldunnar eldi að bráð og vann Billy þá hetjudáð að bjarga tveimur sona Jeffers-hjónanna úr eldhafinu og slasaðist enginn í eldsvoðanum.

Húsinu varð þó ekki bjargað, var rústir einar, og stóð Kenny frammi fyrir því að finna hús, nógu



# Helgarkrossgátan

	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönmuð		listi	tímabil	dæld	vikurinn	2 eins	álitnir
	andast							
	pára							
	3			konungs-riki			pen	6
	staða einnig							
	7		nykur	4	afsva-ri þari			
krassgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓	mánuðinn	↙				↖	
att	2			tvístíga gúlp				muldrið
maður				skáld dá		2 eins		aulana
kona						ræfil auðlindin		
greinir			riðin kvendýrið			sekk krógi		
karldýr				arabi brambolt				
		skryðist	bréfsjald	9	nært hita			
	↘							gráta
hró		1		elska búshaldið			glíma farveginn	
safnar						pukur	skelin	greinir
	bilfæra		erfð	tuldraðir				
borðandi				æmar súra				
karldýr					ambátt glögga			elska
illgresið						karldýr gjóta		
	þraut	varðandi mundar		sahtök		útlími	röskur	sönglag
fjöldur				linast beisk				
veisla			trén 2 eins					
grip				sögu-persóna		mann		
þrammar				5		lóga		8

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

	8	6	5		1			2
	4			2	6	5		
	7	5	3					
9	6						7	
	5	2	6	7			9	3
	3	8			5	6		
8		4			3		6	
					7	4	8	
	2		8					

## Erfið

6	1	3			4			5
		7			2			9
8	9			1				
1			7	3				6
		6			9		5	
				2		4		
					1			8
	6	5		4		9		7
4								

# Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


**Pórunn Víðisdóttir**

**Hjallasel 1**

**700 Egilsstaðir**

Lausnarorðið var **DRAUGASAGA**

**Pórunn hlýtur að launum bókina Fléttan.**



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin Uppgjör: Jack Reacher

Jack Reacher er oftast einn á ferð og enginn segir honum fyrir verkum. En þegar félagar úr hernum biðja um aðstoð eftir furðulegt banatilræði við Frakklandsforseta flýgur hann yfir hafid, og í París hefst leit að tilræðismanninum. Sem gæti mjög vel verið gamall kunningi. Eða reyndar fjandmaður. Og heimsins besta skytta.

París reynir á þolrifin og skotmaðurinn kemst undan. Í London er leiðtogafundur í uppsiglingu og allir á nálum þar sem leyniskyttu gengur laus. Og þangað heldur Reacher — nú í fylgd Casey Nice, ungrar konu sem á að aðstoða hann. Eða líta eftir honum. Saman eru þau magnað teymi, en líðið sem þau eiga í höggi við er sannarlega ekkert að grínast.

Lee Child er meistari spennusögunnar og hefur skrifað fjölda geysivinsælla bóka um Reacher, harðjagl allra harðjagla. Uppgjör er sú ellefta sem kemur út á íslensku.

Höfundur: Lee Child  
Björn Gardarsson þýddi.






**saman**



**&**



Gómsætir veislubakkar,  
sem lífga upp á öll tilefni.  
Er kannski heilsuátak  
framundan?



Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.  
á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins  
er engin.



**AVAXTA-  
ABILLINN**

*Avaxtaðu betur*

[www.avaxtabillinn.is](http://www.avaxtabillinn.is) • [avaxtabillinn@avaxtabillinn.is](mailto:avaxtabillinn@avaxtabillinn.is) • 517 0110

# Sigrún og maður hennar leita að swing-félagi

Sæl Ragga

Þakka þér fyrir góðar og nyt-samlegar greinar.

Við hjónin höfum verið að prófa okkur áfram í kynlífinu og fórum til dæmis fyrsta skipti á swinger-aklúbb erlendis nýlega og okkur fannst það frábært. Eins höfum við prófað að bjóða annarri konu með okkur í rúmið þar sem ég hef aðallega verið með henni og hann með mér. Við viljum þróa okkur svoleiðis áfram, að eiga vinkonu sem myndi kannski vilja vera með okkur reglulega.

Vinkona mín fór á fyrirlestur hjá þér og benti mér á að spyrja þig hvort þú vissir um hvar væri best fyrir okkur að leita að slíkri mann-  
eskju?

Kveðja  
Sigrún

Komdu sæl

Bestu kveðjur til vinkonu þinnar sem talaði svona fallega um mig – já, og takk kærlega fyrir póstinn.

Ég hef undanfarin misseri skrifað og talað allnokkuð um fyrirbærið sem kallast í daglegu tali „swing“ því íslenskan, okkar ástæða, inniheldur ekki hentugt orð – ennþá. Mig langar aðeins að staldra við hugtakið áður en ég svara spurningunni þinni. Orðið sem áður fyrr var stundum notað, makaskipti, er ferlega hallærislegt og nær engan veginn utan um það sem fellur undir kynferðislega tólmstundagamanið swing. Samkvæmt þeirri prýðilegu síðu Urban Dictionary, á hugtakið við þegar fólk í parasamböndum stundar kynlíf með fólki sem er ekki í umræddu parasambandi, með fullu samþykki beggja. Swing er þannig ein birtingarmynd opin sambands. Oft er ég spurð um muninn á því að swinga og að vera fjölkær (polyamorous). Síðarnefnda hugtakið á við þegar samskiptin utan sambandsins



Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi  
www.raggaeiriks.com / Tímabantanir og spurningar: raggaeiriks@gmail.com

snúast um ást og tilfinningar – en í swingi er líklegra að kynlífi sé í aðalhlutverki. Auðvitað skarast þessir hlutir svo fram og til baka svo framangreind skýring er mikil einföldun. Þannig getur fjölkært fólk stundað swing af miklum mót, og swingarar mega líka alveg skipta um skoðun og byrja að elska kynlífsfélagi sína ef þannig ber undir og allir eru á sömu blaðsíðu. En swing er ekki eingöngu fyrir þör heldur geta einstaklingar stundað það líka. Stakar konur njóta mikilla vinsælda í þessum menningarkima og eru jafnan kallaðar einhyrningar – sjaldgæfar og eftirsóttar. Stakir karlar njóta ekki sömu vinsælda og eru víða bannaðir í klúbbum og samkomum – því veldur tregða margra þeirra til að fara eftir settum regl-

um. Svona, svona, allir rólegir – MARGRA sagði ég!

En aftur að ykkur hjónum. Þið hafið kosið, líkt og fleiri, að byrja að stunda swing, í stað þess að byrja til dæmis í golfi, taka mótör-hjólápróf eða fara í crossfit saman. Hér koma nokkur ráð sem geta gagnast ykkur til að þróa þetta nýja sameiginlega áhugamál:

## 1 Swingsamfélög á netinu

Margir kjósa að skrá sig á netsíðuna sdc.com. Skammstöfunin stendur fyrir Swingers Dating Club og samkvæmt upplýsingum á síðunni telur hún yfir þrjár milljónir notenda. Íslendingum hefur fjölgað talsvert þar að undanfögnu. Á síðunni getið þið gengið í hóp Íslendinga

og byrjað að vinna í tengslanetinu. Mig langar líka að nefna norsku síðuna lyst-club.no, en þar er aðallega að finna fólk frá Norðurlöndum. Á samfélags síðum sem þessum eru líka oft auglýstir stærri og smærri viðburðir – allt frá einkasamkvæmum í heimahúsum yfir í tveggja vikna swingferðir á skemmtiferðaskipum.

## 2 Stefnunót

Í swingheiminum er mikið um að þör, eða til dæmis þar og einhyrningur, hittist á stefnumótum. Ef fólk hefur ekki hist áður virka þannig stefnumót ósköp svipað og stefnumót tveggja einstaklinga. Í gegnum sdc.com er hægt að óska eftir stefnumótum. Ef þið kjósið að gera það ráðleg

ég væntingastjórnun í hvívetna – mætið með það fyrir augum að hitta svipað þenkjandi fólk og ekki gera ráð fyrir að þið endið í rúminu saman. Það getur hins vegar vel orðið raunin ef aðlöðun reynist gagnkvæm. Ef þið hittið fólk með reynslu er svo um að gera að spyrja og fá ráð.

## 3 Klúbbar

Eðli málsins samkvæmt eru engir swingklúbbar starfræktir á Íslandi. Þó svo að við séum fremur opin þjóð þegar kemur að kynferðismálum erum við líklega of lítill þjóð til að slík starfsemi bæri sig. Margir kunna illa við þá tilhugsun að mæta kviknóktum frænda á klúbbi í Reykjavík. Kannski mun þetta breytast í framtíðinni. Þið hafið nú þegar farið á klúbb erlendis og eigið eflaust eftir að gera það aftur fyrst ykkur líkaði það vel. Í flestum stórborgum, og mörgum smærri, er að finna swing-eraklúbba. Þeir eru auðvitað jafn misjafnir og þeir eru margir svo ég ráðlegg ykkur eindregið að kanna aðstæður eins og þið getið áður en þið ákveðið að mæta. Flestir klúbbar eru með heimasíður og svo er alltaf hægt að spyrja á sdc. Klúbbar sem takmarka aðgang eða leyfa ekki einhleypa karlmenn eru jafnan í hærri klassa – já, því miður er það svo!

## 4 Aðrar leiðir

Stundum rekt kona á Tinder-prófila frá þörum sem leita að þriðja aðila eða öðru pari til að gamna sér með. Ég get alveg ímyndað mér að það gæti virkað.

Hvað sem þið kjósið að gera ráðlegg ég ykkur heiðarleika í samskiptum, kurteisi og virðingu, og að velja öruggara kynlíf.


Bestu kveðjur og gangi ykkur vel, Ragga

**ER PLANIÐ SKÍTUGT ?**

Pantaðu sópun og þvott á igf.is og 577 5757

**ISLENSKA  
GAMAFLAGIÐ**

**KV - AUGNABLIK**  
**LAUGARDAGUR 18. ÁGUST**  
**KL. 16:00 @ KV-PARK**





**Sigprúður Gunnarsdóttir:**

## „Heimsljós er sú bók sem mér þykir vænst um“

**Sigprúður Gunnarsdóttir**, íslensku- og bókmenntafræðingur og þýðandi, lifir og hrærist í bókum alla daga, sem ritstjóri barnabóka hjá Forlaginu. En hvaða bækur ætli séu í uppáhaldi hjá henni?

### Hvaða barnabók er í eftirlæti?

„Bækurnar um Emil í Kattholti eftir Astrid Lindgren. Það er svo fallegur tónn í þessum bókum, svo ofsalega mikil hlýja í bland við eðalhúmor.“

### Hvaða bók er uppáhalds?

„Heimsljós eftir Halldór Laxness er sú bók sem mér þykir vænst um og hún hefur líka fylgt mér lengi. Kaflar úr henni voru lesnir fyrir mig þegar ég var barn og síðan hef ég lesið hana nokkrum sinnum sem fullorðin kona. Það er eitthvað við aðalpersónuna sem mér finnst svo heillandi.“

### Hvaða bók myndirðu mæla með fyrir aðra og af hverju?

„Hálfbróðurnum eftir Lars Saabye Christensen, vegna þess að hún er svo mögnuð og kemur manni sífellt á óvart. Svo er hægt að horfa á fína norska þætti sem gerðir voru eftir henni en það er betra að byrja á bókinni.“

### Hvaða bók hefurðu lesið oftast?

„Það er örugglega einhver af bókum Astrídar Lindgren eða Ole Lund Kirkegaard sem ég hef farið í gegnum bæði sjálf og með stelpunum mínum þremur, Bróðir minn ljónshjarta og Albert koma upp í hugann.“

### Hvaða bók breytti lífi þínu og hvernig?

„Ég held að það séu ljóðabækurnar hennar Ingibjargar Haraldsdóttur, sérstaklega Orðspor daganna og Nú eru aðrir tímar sem ég las aftur og aftur þegar ég var á menntaskólaaldri og gríp alltaf í öðru hverju.“

### Hvaða bók bíður þín næst til lestrar?

„Ég vinn náttúrulega við að lesa, svo næstu bækur sem bíða eru jólabækurnar sem eru ekki ennþá komnar út. En svo var ég að festa kaup á glænýrri skáldsögu eftir Birgittu Björgu Guðmarsdóttur sem heitir Skotheid og ég hlakka til að lesa hana.“

## HIN HLIÐIN



## „Af hverju fara konur saman á klósettið? Það er vissulega ráðgáta“

**Guðmundur Magni Ásgeirsson**, söngvari og tónlistarmaður, er landsmönnum að góðu kunnur sem söngvari hljómsveitarinnar Á móti sól, fyrir þáttöku hans í Rockstar Supernova árið 2006 og fjölda tónleika og viðburða. Magni sýnir lesendum DV á sér hina hliðina.

**Hverjum líkist þú mest?** Mér skilst að ég sé að líkjast pabba meira og meira – ég fagna því.

**Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna?** Almenn dægursaga 20 aldarinnar – það er fánalegt að sumir unglingar viti ekki hver Elvis var!

**Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum þínum?** Ástkær eiginmaður, pabbi, afi og langafi.

**Hvernig myndirðu lýsa litnum gulur fyrir blindum manni?** Manstu snjóinn sem var skritinn á bragðið – það er gulur.

**Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samið?** Það má færa rök fyrir því að ef ég hefði samið til dæmis Bohemian Rhapsody þá hefði enginn heyrt það og poppsagan væri sennilega ekki eins og hún er – þannig að ég er bara sáttur við þau sem ég hef samið – væri bara til í að þau væru fleiri.

**Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa?** Ef ég yrði settur í þær aðstæður að dansa til að bjarga lífinu væri það mitt síðasta – ég er hörmulegur dansari.

**Hvað ætti ævisagan þín að heita?** The bold and the beautiful.

**Hvaða bímynd hefurðu séð oftast?** Sennilega Spaceballs.

**Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur?** Ég er eitísbarn og sú hræðilega tíska er búin að vera að laumast til baka, þannig að þetta fer allt í hringi.

**Yfir hverju getur þú alltaf hlegið?** Ég er einfaldur maður. Gömlum gamanmyndum sem eldast vel, til dæmis Old School, Ace Ventura, Wayne's World – „The Classics“.

**Hvað er það furðulegasta sem þú hefur keypt?** Það er svo margt.

**Hvert er versta hrós sem þú hefur fengið?** Þegar einhver sem mér finnst vera á mínum aldri segir „Mamma mín dýrkar þig.“

**Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega?** Það er gaman að segja frá því að ég geri það.

**Hvaða ósýnd hefur þér reynst erfiðast að hætta?** Að blóta – ég veit ekki af hverju ég geri svona mikið af því!

**Um hvað geta allir í heiminum verið samála?** Að þetta gengur ekki lengur!

**Hvað í hegðun hins kynsins ruglar þig mest?** Af hverju fara konur saman á klósettið? Það er vissulega ráðgáta.

**Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa misst af?** Rage Against the Machine á Íslandi.

**Hver er versta vinnan sem þú hefur unnið?** Vinnan göfgr. Ég hef verið heppinn í þeirri deild, alltaf haft gaman af því sem ég hef unnið við, sennilega af því að ég hef alltaf unnið með skemmtilegu fólki.

**Í hvaða íþróttagrein finnst þér að keppendur ættu að leika ölvadír?** Borðtennis gæti verið fin byrjun – samt bara fyndið í smá stund.

**Hvaða kvikmynd þætti þér helst við hæfi að breyta í söngleik?** Gremlins gæti verið skemmtilegt.

**Hvað verður orðið hallærislegt eftir 5 ár?** Fólk sem er frægt án nokkurrar sýnilegrar ástæðu – Kardashian-syndrómið.



**Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin?** Andann úr Aladdin! Það þarf ekkert að útskýra það!

**Hvað myndirðu segja ef Guð hnerraði?** Fyrir það fyrsta myndi ég benda hinum trúarbrögðunum á það – Djöfull yrðu margir vandræðalegir þá.

**Ef þú værir ritstjóri dagblaðs og sama daginn myndi Lagarfliotsormurinn finnast, Frikki Dór vinna Eurovision fyrir Íslands hönd og Donald Trump vera myrtur. Hver væri stærsta fyrirsögnin í blaðinu þínu daginn eftir?** Ormurinn auðvitað – hitt er ekkert ótrúlegt.

**Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi?** Hver er ég?

**Hvað er fram undan um helgina?** Við strákarnir í Á móti sól ætlum að leika okkur á Hard Rock á föstudagskvöld – ég er miklu meira en spenntur fyrir því.

Er fyrirtækið þitt tilbúið fyrir nýju persónuverndarlögin?

Hafðu samband við okkur í gegnum [DattacaLabs.com](https://dattacalabs.com)

Við hjálpum þínu fyrirtæki að aðlagast nýjum reglum og mótum ný tækifæri

# ÚTSALA

## Allt að

# afsláttur

Fatnaður **20 til 70%** afsl.

Svefnpokar **20 %** afsl.

Göngu-og götuskór **20 til 60%** afsl.

Bakpokar **20 til 50%** afsl.

Tjöld **20 til 50%** afsl.

Bergans merino ull **50%** afsl.

Pottasett og eldunar

búnaður **20 til 65%**  
og margt fleira...



**HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA**

Faxafeni 12 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: [alparnir@alparnir.is](mailto:alparnir@alparnir.is) • [www.alparnir.is](http://www.alparnir.is)

# „Alveg sama um þá sem eru vegan“

Ævar Austfjörð hefur í heilt ár nær eingöngu borðað rautt kjöt

Ódinn Svan Óðinsson  
odinn@dv.is



Ævar Austfjörð er mikill áhugamaður um næringu. Í ágúst á síðasta ári rakst hann á lækni á netinu sem var að leita sér að sjálfbodaliðum til að taka þátt í rannsókn sem fólst í því að borða bara kjöt og drekka vatn í 90 daga. Nú rúmu ári síðar hefur Ævar borðað rúmlega hálf tonn af kjöti og aldrei liðið betur.

„Þetta hefur gert mér gríðarlega gott. Ég losnaði við liðverki, léttist um nokkur kíló, hef betri einbeitingu og mun betri starfsorku. Ég hef verið að bæta mig í



Venjuleg máltíð hjá Ævari.

ræktinni og er farinn að geta gert hluti þar sem ég gerði síðast þegar ég var 25 ára. Þetta er bara allt

„Líklegra að ég fái mér kökusneið eða ís frekar en að troða í mig einhverju grænmeti

annað líf“ segir Ævar sem borðar nær eingöngu rautt kjöt.

Mælir með meira kjötáti Ævar mælir hiklaust með því



að landsmenn borði meira kjöt. „Mér dettur ekki til hugar að halda því fram að allir eigi að borða eingöngu kjöt. En miðað við það sem ég hef séð gerast hjá fólki sem prófar þá held ég að fólk ætti allavega að borða meira kjöt almennt. Að sjálfsgöðu fisk, egg og osta líka ef fólk vill. Þessi matur er auðmeltur og mannslíkaminn getur nýtt nánast allt sem borðað er. Með plönturnar hins vegar þá er stór hluti af þeim sem gerir ekkert annað en að fara út hinum megin,“ segir hann.

Þrátt fyrir bættu heilsu og betri líðan hafa margir lýst yfir efasemdum vegna mataræðisins sem Ævar hefur tileinkað sér. „Margir halda sennilega að ég sé algjör bjáni sem geri þetta til þess eins að fá athygli. Umræðan á Facebook-hópnum Vegan Ísland var á þann veg að ég og fleiri á þessari línu værum að monta okkur af því að borða mikið kjöt til að finna við vera meiri menn. Það lýsir náttúrulega bara hugarástandi þeirra sem þetta segja,“ segir Ævar en honum hefur verið meinaður aðgangur að hópnum.

## Alveg sama um grænkeru

Aðspurður um þá sem borða einungis plöntuafurðir segist Ævar alls ekkert hafa á móti þeim hópi fólks. „Mér er alveg sama um þá sem eru vegan. Ég vona bara að enginn af mínum nánustu feti þá braut,“ segir hann og bætir við: „Ég held hins vegar að það muni á endanum koma niður á heils-

unni því líkaminn þarf bæði dýra-prótein og dýrafitu. Þetta er næringarsnautt fæði sem þarf að hafa töluvert fyrir að láta ganga upp.“


Hann furðar sig á skoðunum þeirra sem neita sér um dýra-afurðir af mannúðarástæðum. „Mér finnst þeir sem gera þetta samviskunnar vegna gera þetta á röngum forsendum. Þeir sem gera þetta til að vernda dýrin ættu frekar að einbeita sér að því að velja afurðir dýra sem vitað er með vissu að fá mannúðlegt og gott eldi. Að gera þetta fyrir dýrin er svona eins og að ætla að vera sjálfbodaliði Rauða krossins á vígvelli að ævistarfi. Þú gætir hugsanlega komið heill út úr því en líkurnar eru afar litlar,“ segir Ævar.

## Er hvergi nærri hættur

Ævar hyggst halda ótrauður áfram og hvetur þá sem hafa áhuga á sama lífsstíl að bæta sér í hópinn Iceland Carnivore Tribe á Facebook en þar eru yfir 2.000 manns. „Ég sé enga ástæðu til að breyta til. Er gáfulegt að fara að borða aftur eitthvað sem augljóslega var ekki að gera mér gott? Það þykir mér ekki. Konan mín vill ekki að ég breyti út af. Hún kann betur við mig svona. En hvort ég á aldrei eftir að smakka plöntuafurðir er ekki gott að segja, ef ég til dæmis fer í mat til mömmu. Mér þykir samt líklegra að ég fái mér kökusneið eða ís frekar en að troða í mig einhverju grænmeti sem ekkert gefur af sér,“ segir Ævar að lokum og hlær. ■

## OPNUM 14. ÁGÚST

### Í NÝJU OG GLÆSILEGU HÚSNÆÐI AÐ GYLFAFLÖT 6 - 8



# Fanntófell


S. 587 6688 / [fanntofell@fanntofell.is](mailto:fanntofell@fanntofell.is) / [fanntofell.is](http://fanntofell.is)

# ÓSAL

## Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | [www.osal.is](http://www.osal.is)  
110 REYKJAVÍK | [osal@osal.is](mailto:osal@osal.is)  
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantanir á varahlutum.

# JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

[www.naturebaths.is](http://www.naturebaths.is)  
[#myvatnnaturebaths](https://www.instagram.com/myvatnnaturebaths)

## Hilmir Snær hefur beðið í tvö ár án svars:

# Þykir leitt að leika ekki fræga tónskáldið Debussy

Frægir einstaklingar úr mannkynssögunni og ekki síður sterkir áhrifavaldar hafa lengið verið efni í eftirsótt hlutverk leikarastéttarinnar. Þjóðþekkti leikarinn Hilmir Snær Guðnason var ráðinn í hlutverk franska tónskáldsins Claude Debussy í kvikmynd virtu leikstýrunnar Jane Spencer, en leikaranum til mikillar mæðu verður líklegast ekkert úr þeim draumi.

„Ég heyrði fyrst af þessu fyrir einhverjum tveimur árum en ég hef ekki fengið neinar nýjar frétt-

ir síðan,“ segir Hilmir í samtali við DV. „Ég efast stórlega um að þessi mynd verði gerð upp úr þessu.“

Á kvikmyndavefnum IMDb koma fram þær upplýsingar að kvikmyndin The Velvet Gentleman sé enn á forvinnslustiginu og stóð til að kvikmynda handrit sem Spencer skrifaði. Sagan snýst um sérvitra tónskáldið Erik Satie og átti meðal annars leikkonan Rosanna Arquette að fara með stórt hlutverk, en hana þekkja margir úr kvikmyndum á borð við Pulp Fiction, The Whole Nine Yards og

Inhale eftir Baltasar Kormák. Franski leikarinn Jean-Hugues Anglade er merktur fyrir titilhlutverkinu sem verður sjálfsgagt ekki.

Claude Debussy var uppi á rómanska tímabilinu og hafa áhrif hans í tónlist ómað um söguna alla síðan. Debussy var aðeins ellefu ára gamall þegar hann fékk inngöngu í Paris Conservatoire. Flestir píanóleikarar kynnast verkum hans fyrr eða síðar en auðvitað hafa verk hans



verið útsett fyrir nánast öll möguleg hljóðfæri, auk þess sem hann samdi balletta, sinfóníur og óperur.

Aðspurður hvort þetta væri ekki afar spennandi hlutverk tók Hilmir undir það kátur. Leikaranum þykir leitt að líklegast verði ekki af þessu, en af myndunum að dæma má spyrja hvort líkindi eru með mönnunum tveimur. Það er undir lesendum komið að dæma. ■

tomas@dv.is



## Magga Friikka fann ástina í frönskum faðmi

Margrét Friðriksdóttir, stjórnandi Stjórnmalaspjallsins á Facebook, hefur staðið í ströngu síðustu daga. Í síðustu viku greindi DV frá því að Margrét hefði í öläði ráðist að Semu Erlu Serdar fyrir utan veitingastað við Grensásveg. Kvaðst Margrét ætla að hætta áfengisneyslu eftir uppákomuna. Upplifun Margrétar og Semu Erlu er með gjörólíkum hætti en Margrét sagði að henni hefði verið gert að yfirgefa veitingastaðinn þar sem Sema Erla væri á leið þangað með vinum sínum en staðurinn er í eigu föður Semu Erlu. Sagði Margrét að hún hefði stjakað við Semu. Einn heimildarmanna DV hafði aðra sögu að segja og sagði að Margrét hefði blótað Semu í sand og ösku og sagt að erlendur kærasti sinn myndi lúskra á þeim öllum og væri með svarta beltið í karate. Sjálf sagði Sema að Margrét hefði hótað að drepa hana og kýlt hana í öxlina. Sema gerði sér síðan ferð nokkrum dögum síðar niður á lögreglustöð og kærði Margréti sem ætlaði að kæra Semu til baka og vildi meina að hún hefði lúskrað á henni. Margrét fór svo í kærkomið frá erlendis í vikunni til að hlaða batteríin. Þann sama dag greindi hún frá því að hún væri byrjuð með kærasta sínum, hinum franska Vincent Ravaceh, þeim hinum sama sem kann eitt og annað fyrir sér í karate og dró Margréti í burtu kvöldið örlagaríka á Grensásvegi.

50kr	100kr	200kr
300kr	400kr	500kr

# MARKAÐS-DAGAR

Gerðu frábær kaup!

## Komdu og gramsaðu!

Mikið úrval af vörum frá 50 kr. **Fjöldi annarra tilboða á Markaðsdögum.** Við bætum við nýjum vörum daglega.

600kr	800kr	1000kr
-------	-------	--------



Merde!  
**Loki**



**VINNUR ÞÚ AFNOT AF KIA CEED Í VETRARLEIGU FRÁ HERTZ?**  
SKRÁDU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR Á BYKO.IS

Hertz KIA

# BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN